

# **Um birtingarmyndir dulinna fordóma og mismununar í garð innflytjenda á Íslandi**

**Rannsóknarskýrsla. InterCultural Ísland**

**Nóvember 2012**

## **Formáli**

Þessi rannsókn var unnin á tímabilinu 1. janúar 2012 – 30. nóvember 2012. Rannsóknin var styrkt af Þróunarsjóði innflytjendamála, Velferðarráðuneytinu.

Rannsóknin er unnin af Guðrúnu Pétursdóttur félagsfræðingi en starfsmenn við framkvæmd – og úrvinnslu rannsóknarinnar voru Joanna Marcinkowska og Hrefna An Thomasdóttir, skýrslan er rituð af Guðrúnu Pétursdóttur.

Sérstakar þakkir til Sólveigar Maríu Thomasdóttur, Bjarneyjar Friðriksdóttur, Hrafnhildar Ragnarsdóttur og Cherry Hopton fyrir yfirlestur og góðar ábendingar.

## Efnisyfirlit

Myndaskrá .....	4
Samantekt .....	5
Summary .....	6
<b>1. Inngangur .....</b>	<b>7</b>
<b>2. Markmið og framkvæmd rannsókna.....</b>	<b>15</b>
2.1 Markmið rannsókna og rannsóknarspurningar .....	15
2.2 Framkvæmd rannsókna.....	16
<b>3. Bakgrunnsupplýsingar um viðmælendur .....</b>	<b>17</b>
<b>4. Niðurstöður .....</b>	<b>19</b>
4.1 Marktæki niðurstaðna .....	19
4.2 Upplifir fólk af erlendum uppruna reglulega ákveðnar dular birtingarmyndir fordóma í sínu daglega lífi á Íslandi? .....	20
4.3 Hvaða dæmi um birtingarmyndir dulinna fordóma/mismununar upplifir fólk af erlendum uppruna oftast í sínu daglega lífi á Íslandi?.....	22
4.4 Við hvaða aðstæður (hvar) upplifa flestir eitthvað af upptöldum birtingarmyndum dulinna fordóma í sínu daglega lífi?.....	26
4.5 Líðan fólks við upplifun viðkomandi birtingarmynda dulinna fordóma .....	28
4.6 Svör við opnum spurningum.....	30
<b>5. Túlkun niðurstaðna.....</b>	<b>33</b>
5.1 Upplifir fólk af erlendum uppruna reglulega ákveðnar dular birtingarmyndir fordóma í sínu daglega lífi á Íslandi? .....	33
5.2 Hvaða dæmi um birtingarmyndir dulinna fordóma/mismununar upplifir fólk af erlendum uppruna oftast í sínu daglega lífi á Íslandi? .....	35
5.3 Við hvaða aðstæður (hvar) upplifa flestir þær birtingarmyndir dulinna fordóma sem fram koma á spurningarblaðinu í sínu daglega lífi? .....	37

5.4 Líðan fólks við viðkomandi aðstæður .....	37
5.5 Túlkun niðurstaðna opnu spurninganna þriggja neðst á spurningarblaðinu .....	38
<b>6. Hugmyndir að aðgerðum til þess að vinna gegn hversdagsrasisma og duldem fordómum gagnvart fólki af erlendum uppruna á Íslandi .....</b>	<b>41</b>
<b>7. Lokaorð .....</b>	<b>44</b>
<b>Heimildaskrá .....</b>	<b>46</b>
<b>Viðhengi I.....</b>	<b>47</b>
<b>Viðhengi II. ....</b>	<b>48</b>

## **Myndaskrá**

- Mynd I. Skipting eftir upprunalöndum
- Mynd II. Lengd dvalar á Íslandi
- Mynd III. Hlutfall fólks af erlendum uppruna og Íslendinga sem hafa upplifað einhverja birtingarmynd dulinna fordóma á tveggja vikna tímabili
- Mynd IV. Hlutfall neikvæðra upplifana eftir upprunalandi (annað en Ísland)
- Mynd V. Fjöldi neikvæðra upplifana eftir þjóðernisuppruna að Íslendingum meðtöldum
- Mynd VI. Hlutfall upplifana við ákveðnum spurningum (sjá spurningar í viðhengi I)
- Mynd VII. Hlutfall þeirra sem upplifðu „Hunsaði mig, lét eins og sæi mig ekki“ einu sinni eða oftár á 14 daga tímabili
- Mynd VIII. Hlutfall þeirra sem upplifðu „Talaði UM mig, ekki VIÐ mig“ einu sinni eða oftár á 14 daga tímabili
- Mynd IX. Svör íslenskra þátttakenda við spurningunum 15
- Mynd X. Hvar áttu viðkomandi birtingarmyndir dulinna fordóma sér helst stað?
- Mynd XI. Við hvaða aðstæður áttu ákveðnar birtingarmyndir sér helst stað?
- Mynd XII. Líðan þátttakenda við ákveðnar aðstæður
- Mynd XIII. Hvers vegna telja þátttakendur aðra koma fram við sig á þennan hátt?

## Samantekt

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar sýna að 93% þátttakenda rannsóknarinnar af erlendum uppruna höfðu upplifað einhverja birtingarmynd dulinna fordóma einu sinni eða oftár á því 14 daga tímabili sem þeir fylgdust með framkomu gagnvart sér. Aðeins 35,2% þeirra Íslendinga sem þátt tóku í rannsókninni hafði upplifað það sama gagnvart sér einu sinni eða oftár á jafn löngum tíma. Á þessum niðurstöðum var marktækur munur, sem gefur til kynna að hér sé ekki um tilviljun að ræða, heldur sé þessi munur á upplifunum Íslendinga og fólks af erlendum uppruna raunverulegur í samfélaginu.

Niðurstöðurnar sýna einnig að munurinn milli upplifana fólks af erlendum uppruna og íslenska viðmiðunarhópsins er breiður þegar horft er til fjölda slíkra upplifana og höfðu þannig ennþá 62,5% fólks af erlendum uppruna upplifað einhverja viðkomandi birtingarmynda fimm sinnum eða oftár á tímabilinu en aðeins 5,8% Íslendingana. Engir íslensku þátttakendanna hafði síðan upplifað slíka hegðun gagnvart sér 10 sinnum eða oftár eða 20 sinnum eða oftár á 14 daga tímabili á meðan 36,1% fólks af erlendum uppruna upplifðu slíka hegðun gagnvart sér 10 sinnum eða oftár og 15,2% upplifðu einhverja birtingarmynd dulinna fordóma gagnvart sér 20 sinnum eða oftár á 14 daga tímabili. Sú staðreynd að 62,5 % fólks af erlendum uppruna upplifi niðurlægjandi framkomu gagnvart sér fimm sinnum eða oftár á 14 daga tímabili eru alvarlegar niðurstöður – burtséð frá samanburði við íslenska þátttakendur.

Annað sem fram kemur í rannsókninni er að algengustu birtingarmyndir dulinna fordóma eru þær sem eru aðeins augljósar þeim sem fyrir þeim verða en erfitt er að færa sönnur á gagnvart öðrum. Í rannsókninni kemur berlega í ljós að oftast upplifa þátttakendur viðkomandi framkomu gagnvart sér á vinnustaðnum.

Tilfinningarnar sem upplifuninni fylgja eru með örfáum undantekningum alltaf slæmar eða afar slæmar. Þessi þáttur rannsóknarinnar er mjög mikilvægur, þ.e. að vakin sé athygli á líðan fólks við slíkar aðstæður og því hvers vegna fordómar og mismunun í daglegu lífi fólks er alvarlegt mál og ekki eitthvað sem ber að taka sem sjálfsögðum hlut eða lítilvægum. Þannig er afar mikilvægt að mark sé tekið á þeim einstaklingum sem hér hafa svarað af bestu vitund og einlægni. Þátttakendur hafa sjálfir tjáð sig í þessari rannsókn um hverskonar hegðun þeir vildu gjarnan sjá gagnvart sér á Íslandi. Skilaboðin frá flestum þátttakendum fela í sér sambærilega ósk, það er „að fólk komi eðlilega fram við okkur og komi fram við okkur eins og það vill að við komum fram við sig“.

## Summary

The main findings of the study show that 93% of participants with non-Icelandic background experienced some form of hidden prejudice and discrimination once or more during the 14 day period they were asked to observe other people's behaviour towards them. Only 35,2% of the Icelandic participants had the same experience once or more during the same time period. The results demonstrate that there is a significant difference between non-Icelanders and Icelanders, which indicates that this is not a coincidence, but that the difference between the experiences of each group is real. The results also show that the difference between participants with non-Icelandic background and the Icelandic control group gets notably wider when we look at the number of experiences they had, where 62,5% of participants with non-Icelandic background experienced some form of hidden prejudice and discrimination five times or more during the time period, compared to only 5,8% of the Icelandic group. The fact that 62,5% of participants with non-Icelandic background experience humiliating and disrespectful behaviour towards them five times or more during a 14 day period is an alarming finding, independent of the comparison to the Icelandic participants.

The most common manifestations of everyday discrimination are the ones that are only visible to those who experience them but who are difficult to „prove“ to others. The study shows that participants mostly experience the discriminative behavior at their workplace.

The feelings that participants describe in connection with the behavior towards them is always negative or very negative. This part of the outcomes is very important, that attention is given to why hidden forms of prejudices or discrimination in peoples everyday life is an important problem and not something that should be taken for granted or seen as unimportant. It is very important to take seriously what the participants in the study who have taken the time to answer the questions the best they can and with sincerity. The participants have expressed their wishes about what kind of behavior they would wish to experience towards them here in Iceland. The message is clear: *“That people treat us in a normal way, that they treat us the same way as they want us to treat them”*.

## 1. Inngangur

Hugmyndin að framkvæmd þessarar rannsóknar hefur verið lengi á döfinni en eftir margra ára starf í tengslum við innflytjendamál, nám og námskeiðahald á því sviði hefur mér þótt umræða um fordóma og rasisma á Íslandi allt of afmörkuð og yfirleitt aðeins tengd beinum árásum eða augljósri stofnanatengdri mismunun. Í starfi mínu með innflytjendum hef ég hins vegar oft orðið vitni að og heyrt af vanlíðan tengdri „lítillvægum“ atvikum og framkomu í þeirra garð, því miður oft útskýrt af þolendum sjálfum sem „eðlilega“ framkomu í ljósi þess að viðkomandi sé af erlendum uppruna.

Ef raunin er sú að fordómar og virðingarleysi gagnvart ákveðnum hópum samfélagsins er orðin eins og hver önnur rútina sem litið er á sem „eðlilega“ hegðun, getur það aðeins þýtt að viðkomandi framkoma sé ekki viðurkennd sem fordómafull, alla vega ekki af meðlimum meirihlutahópsins. Það þýðir að meirihluta- eða ríkjandi hópurinn í samfélaginu (Íslendingar í þessu tilfalli) geri sér ekki grein fyrir öllum birtingarmyndum fordómanna, viðurkenni þær ekki sem mismunun, skilgreini þær ekki sem rasisma og líti þar með ekki á þær sem vandamál. Sú staðreynd að þessi fyrirbyggjandi rannsókn fékk styrk frá Velferðarráðuneytinu gefur þó til kynna að meðvitund og viðurkenning á vandamálinu sé til staðar hjá þeim sem meta umsóknir hjá Þróunarsjóði innflytjendamála og er það afar mikilvægt að slík þekking og meðvitund sé til staðar hjá ráðandi stofnunum í samfélaginu og ber að virða viðleitni Velferðarráðuneytisins við að meta og leita lausna á því vandamáli sem hversdagsfordómar sannarlega eru.

Ýmis hugtök, sem notuð eru í þessari skýrslu eru oft óljós í hugum fólks og mun ég því byrja á því að gera stuttlega grein fyrir nokkrum þeirra þ.e. hvernig þau eru notuð hér í þessari skýrslu.

**Fordómar** er það hugtak sem ef til vill flestir telja sig vita hvað þýðir en samkvæmt van Dijk (1987a) þá eru þjóðernislegir eða rasískir fordómar kerfi neikvæðs mats á persónueinkennum ákveðinna hópa sem skilgreindir hafa verið sem menningarlega öðruvísi. Fórnarlömb fordóma eru því einn eða fleiri hópar, sem *taldir eru* ólíkir eða öðruvísi en meðlimir meirihlutahópsins. Hinn meinti mismunur er metinn sem neikvæður í samanburði við viðhorf, gildi, hefðir og markmið ríkjandi hóps. Þetta neikvæða mat er alhæft út frá ófullnægjandi, fordómafullum hugmyndum um minnihlutahópana, þ.e. staðalmyndum. Mikilvægt er að taka eftir orðalagi



skilgreiningar van Dijk þ.e. að einstaklingar eða hópar fólks eru *taldir* á einhvern hátt ólíkir meirihlutahópnum.

Í því felast fordómarnir; einstaklingar dæma út frá staðalmyndum sem þeir hafa lært – yfirleitt snemma á ævinni sem hluta af félagsmótunarferli sínu, staðalmyndum sem síðan er viðhaldið á ýmsa vegu í daglegu lífi meiri- og minnihlutahópana, oftast í gegnum mismunandi miðla<sup>1</sup>. Fordómar byggja á staðalmyndum um þessa fyrirfram skilgreindu hópa og orðið felur í raun í sér merkingu þess, þ.e. það er dæmt fyrirfram, dæmt án þess að þekkja. Allport (1954) skilgreinir fordóma á eftirfarandi hátt: „Andúð sem byggð er á brengluðum og ósveigjanlegum alhæfingum. Þeir geta verið upplifðir eða láttnir í ljós. Andúðinni getur verið beint gegn hópi sem heild eða gegn einstaklingum vegna þess að hann eða hún tilheyrir viðkomandi hópi“ (Allport, 1954/1958, bls. 9) Fordómar eru þannig fyrst og fremst viðhorf, en viðhorf sem afar erfitt getur verið að leyna fyrir þeim sem þau beinast gegn. Viðhorf, sem hafa áhrif á hegðun fólks en geta hins vegar verið mjög vel falin þannig að aðeins þeir sem þau beinast gegn, verði varir við þau. Þegar talað er um dulda fordóma eða hversdagsfordóma í þessari skýrslu, er átt við þegar birtingarmyndir þessara viðhorfa eru ekki í formi beinnar, augljósrar mismununar eða áreitis heldur lýsa sér í framkomu sem felur í sér undirliggjandi fordóma. Nánar verður fjallað um skilgreiningar á hversdagsmismunun og rasisma hér að neðan.

**Meiri- og minnihlutahópur.** Það að talað sé um minnihlutahópa gefur til kynna að einnig sé til staðar andstæða þess þ.e. meirihlutahópur. Meirihlutahópurinn (sem stundum er talað um sem ríkjandi- eða ráðandi hóp) er hópurinn sem heldur um valdatauma, áhrifastöður, fjölmiðla og auð samfélagsins (Ponterotti and Petersen, 1993). Þannig hefur hugtakið „minnihlutahópur“ ekki með tölulegan fjölda að gera heldur fyrst og fremst valdastöðu í samfélaginu.

**Mismunun** (discrimination) er í raun framkvæmdin þar sem fordómar hafa áhrif á hegðun eða gerðir, ýmist einstaklinga, hópa eða stjórnvalda. Oftast er talað um mismunun á íslensku í samhengi við lög og reglur en mismunun getur líka falist í framkomu einstaklinga ráðandi hóps gagnvart einstaklingum minnihlutahóps. Dæmi um slíka mismunun væri ef vinnuveitandi tæki ekki alvarlega hugmyndir ákveðinna starfsmanna vegna uppruna þeirra, kæmi öðruvísi fram við þá eða sýndi þeim lítillsvirðingu í tali eða líkamstjáningu eða þegar samstarfsfólk útilokar

---

<sup>1</sup> M.a. bækur, dagblöð, netmiðlar, hljóð- og myndmiðlar og aðra sambærilega miðlar.

ákveðinn starfsmann frá almennum samskiptum á vinnustaðnum vegna tungumálakunnáttu eða uppruna. Mismunun á sér þannig stað þegar komið er verr fram við einstaklinga eða hópa vegna uppruna þeirra eða einhvers annars sem þeir hafa verið skilgreindir útfrá sem *öðruvísi* en meirihlutaþópurinn. Hugtakið „Hversdagsmismunun“ er notuð í þessari skýrslu sem hugtak yfir fordómafulla hegðun, sem felur í sér mismunandi framkomu endurtekið og reglulega í daglegu lífi einstaklinga meiri- og minnihlutaþópanna.

**Rasismi.**<sup>2</sup> Skilgreiningar á rasisma eru afar margar og flóknar en í þessari skýrslu er aðallega stuðst við skilgreiningu Philomenia Essed (1991, bls. 45) á rasisma en síðar verður beint nánar sjónum að skilgreiningu hennar á svokölluðum „hversdagsrasisma“ sem nær best yfir efni þessarar rannsóknar. Samkvæmt Essed felur rasísk mismunun í sér, „sérhverja gjörð – í orðum (verbal) eða án orða (non-verbal) eða orðnotkun (paraverbal) – sem hefur viljandi eða óviljandi neikvæðar afleiðingar fyrir kynþátta- eða þjóðernislega minnihlutaþópa. Það er mikilvægt að gera sér grein fyrir að ásetningur er ekki endilega nauðsynlegur hluti af rasisma“ (Essed 1991, bls.45). Varðandi skilgreiningar á rasisma er mikilvægt að gera sér grein fyrir að „vald“ er næstum alltaf grundvallaratriði í mismunandi skilgreiningum á rasisma. Rasismi er þannig umbreyting rasískra fordóma og/eða þjóðhverfu í mismunun með beitingu beins eða óbeins valds.

„**Hversdagsrasismi**“ er hugtak sem notað hefur verið bæði í Evrópu og Bandaríkjunum og hefur þótt gagnleg skilgreining til að sýna fram á hvernig kerfisbundinn rasismi endurnýjast að miklu leyti í gegnum rútínu eða hversdagslega hegðun, sem tekin er sem sjálfsögð í daglegu lífi. Philomenia Essed, prófessor við Antioch University var ein fyrst fræðimanna til að skilgreina hugtakið „hversdagsrasismi“ en hún talar bæði um „hversdagsrasisma“ og „hversdagsmismunun“. Samkvæmt Essed (2002) er eitt aðal einkenni hversdagsrasisma að hann hefur með kerfisbundnar, endurteknar, þekktar venjur og framkomu að gera og kemur þar af leiðandi fram við vel þekktar aðstæður. En hvað er það sem einkennir „hversdaginn“? Til þess að geta skilgreint „hversdagsrasisma“ eða „hversdagsfordóma og mismunun“ þarf fyrst að skilgreina hvað átt er við með „hversdags“. Skilgreining Essed er eftirfarandi „það sem einkennir hversdaginn eru endurteknar venjur og gerðir sem einstaklingur tekur sér fyrir hendur í sínu

---

<sup>2</sup> Ég kys að nota orðið „rasismi“ hér í stað íslenskra orða eins og kynþáttahatur eða kynþáttahygga sem mér finnast ekki ná yfir það margþætta og flókna félagslega ferli sem rasisminn felur í sér.

daglega lífi í sínu daglega umhverfi“ (Essed, 2002, bls. 186). Stundum er talað um að heimili fólks sé sá staður þar sem það finnur helst fyrir öryggi og þar sem það þarf ekki að vera á varðbergi gagnvart öðrum. Nánasta umhverfi okkar í daglegu lífi er fyrir marga svipað þ.e. þar sem einstaklingurinn sinnir sínum daglegu þörfum svo sem innkaupum, þar sem hann stundar vinnu, notar almenningsgöngur, eyðir frítíma sínum o.s.frv. Staðir þar sem einstaklingurinn er innan síns þæginda- og öryggisramma. Einkenni birtingarmynda hversdagsrasisma eða hversdagsmismununar er að þær eru yfirleitt mjög óbeinar og duldar, sem þó gerir þær að engu alvöruminna vandamáli en ef væru þær beinar og augljósar. Jafnvel þó hversdagsfordómar og mismunun hafi oft óformlegan birtingartón, sem getur hljómað sem hann hafi með tiltölulega meinlausa atburði að gera, þá getur það andlega álag sem hlýst af fordómum, virðingarleysi og mismunun í daglegu lífi fólks, haft krónískar neikvæðar afleiðingar á andlega og líkamlega heilsu fólks; „Ef einstaklingur upplifir niðurlægingu eða lítilsvirðingu af hendi annarra endurtekið í þessu daglega lífi getur það valdið miklu uppnámi og verið óbærilegt fyrir einstaklinga sem það upplifa“ (Garfinkel, 1967)

Í rannsókn sem framkvæmd var af San Francisco Háskóla, skilgreinir Dr. Alvin Alvarez (2010) hversdagsrasisma sem dulin, hversdagsleg form mismununar eins og t.d. að vera hunsaður eða einangraður, gert grín að og hafður að háði, eða komið fram við fólk á einhvern annan hátt en gagnvart þeim sem tilheyra ríkjandi meirihlutahóp. Samkvæmt Alvarez (2010) eru þetta atvik sem virðast saklaus og meinlaus en þegar þau hlaðist upp geti þau haft gífurleg áhrif á andlega heilsu fólks. Annie Barnes (2000) varpar ágætu ljósi á vandamálið í bók sinni *“Everyday Racism: A Book for All Americans”* þar sem hún skilgreinir slíkar birtingarmyndir rasisma eins og einskonar veiru sem birtist t.d. með líkamstjáningu, talsmáta og einangrandi hegðun gagnvart ákveðnum einstaklingum; “Vegna þess hversu dulin slík hegðun getur verið, geta þeir sem fyrir henni verða, verið í vafa um hvort um raunverulega fordómafulla hegðun hafi verið að ræða.” (Barnes 2000 bls.2) Að sama skapi getur verið afar erfitt að bregðast við slíkri hegðun þegar engin bein, augljós “árás” á sér stað. Þetta á bæði við um þolandann sjálfann og aðra sem verða vitni að framkomunni.<sup>3</sup>

---

<sup>3</sup> Hér má t.d. hugsa sér ólík viðbrögð við því ef einhver kallar kúnna, starfsmann eða samstarfsmann „helvítis útlending“ eða hins vegar ef viðkomandi sýnir vandlætingu sína með svipbrigðum, hunsun eða annarri

Eins og orðið „hverdagsfordómar“ eða „hversdagsrasismi“ gefur til kynna er hér um að ræða hegðun sem fólk verður fyrir jafnvel á hverjum degi eða oft í hverri viku og er hluti af daglegu lífi einstaklinga meiri- og minnihlutahópsins. Duldu fordómum er þannig skipulega viðhaldið af meirihlutahópi samfélagsins; „Þeir geta t.d. lýst sér með verri þjónustu, óvingjarnlegri framkomu, pírtingi í samskiptum, tortryggni, uppnefnum, háði, afskiptaleysi, einangrun og hroka, svo eitthvað sé nefnt. Oft er talað um slíka framkomu sem dulda fordóma, óbeina mismunun eða hversdagsrasisma og er talið algengasta form rasisma á Vesturlöndum í dag“ (Guðrún Pétursdóttir, 2003, bls. 163). Eitt af vandamálunum sem fylgir þessari tegund fordóma og mismununar er að hluti þeirra einstaklinga sem fyrir þessu daglega virðingarleysi verða, taka því sem gefnu og skilgreina það ekki sem fordóma frekar en þeir sem tilheyra ráðandi hópnum, þ.e. líta á það sem *eðlilegt*. Þetta má greinilega sjá í svörum nokkurra þátttakenda fyrirbyggjandi könnunar þegar þeir merkja ekki við neinn þátt listans en skrifa í athugasemdir setningar eins og „*Þetta er eðlilegt, ég er „gestur“ á Íslandi*“ eða „*Það þarf engu að breyta, því ég kom hingað og það er ég sem verð að venjast þessu en ekki öfugt*“.

Annað vandamál tengt þessari tegund fordóma og mismununar er að yfirleitt er þeim vísað á bug eða dregið úr alvarleika þeirra af meirihlutahópnum eða ráðandi hópnum (Essed, 1991). Hugmyndin um hversdagsfordóma og mismunun gefur til kynna að það sé erfitt að „sanna“ að þar sé um fordómafulla hegðun að ræða eða eitthvað annað en hreina tilviljun, sérstaklega ef viðmiðin eru út frá skilgreiningu gerandans.<sup>4</sup> Einnig hafa margar rannsóknir sýnt (Dutton & Linke, 1973; Dutton & Lennox, 1974; Weitz, 1972) að meirihlutahópurinn hefur sterka tilhneigingu til að draga upp fordómalaus og víðsýna mynd af sjálfum sér. Í sumum tilfellum er ekki einu sinni ásetningur um að niðurlægja eða sýna virðingarleysi að baki (eins og t.d. þegar talað er sérstaklega hátt til að viðkomandi skilji betur eða þegar talað er við fólk eins og börn til að það skilji betur). Með því hins vegar að viðurkenna aðeins hin hefðbundnu og augljósu form rasismans er honum í raun viðhaldið. Van Dijk (2002) leggur áherslu á það í skrifum sínum að afneitun ríkjandi hóps á fordómum eða rasisma í samfélaginu sé ein aðalástæða þess að þeim er stöðugt viðhaldið og þeir endurnýjaðir í samfélaginu. Fordómafull eða rasísk framkoma er

---

líkamstjáníngu. Augljóslega er mun erfiðara að bregðast við síðarnefndu birtingarmyndunum, bæði fyrir þolandann og aðra sem eru viðstaddir.

<sup>4</sup> Samanber setninga á svarblöðum eins og „gæti verið misskilningur“ þegar merkt hefur verið við ákv. hegðun

almennt ekki viðurkennd sem eðlilegt eða jákvætt samfélagsnorm og þannig vilja fæstir vera umtalaðir sem rasistar eða fordómafullir samkvæmt van Dijk. Í kafla sem van Dijk skrifar í bókina *Race Critical Theories* (2002) segir hann m.a. „Setningar eins og „Ég gerði/sagði þetta ekki“, „Ég gerði/sagði þetta ekki viljandi“, „Ég meinti þetta ekki svona“, „Þú hefur misskilið mig“ o.s.frv. eru dæmigerð svör til varnar gegn ásökunum um lagalega eða siðferðilega mismunun“ (van Dijk, 2002, bls. 308).

Af þessum ástæðum má gera ráð fyrir að fólk af erlendum uppruna geti gefið okkur betri upplýsingar um hegðun einstaklinga meirihlutaþópsins (hér Íslendinga) gagnvart sér en ef við reyndum að nota meðlimi þess hóps sjálfa sem upplýsingagjafa. Annie S. Barnes (2000) setur t.d. stórt spurningarmerki við marktæki rannsókna og kenninga hins þekkta sænska fræðimanns Gunnar Myrdal vegna þess að hann byggði rannsóknir sínar á rasisma í Bandarísku samfélagi 1944 á viðtölum við hvíta Bandaríkjamenn en ekki fólk af afrískum uppruna sem rasisminn beindist gegn.

Rannsókn þessi snýr þó ekki að öllum formum hversdagsfordóma og mismununar heldur aðeins að ákveðinni persónulegri hegðun og samskiptum á almennum stöðum svo sem vinnustöðum, verslunum og opinberum stofnunum þar sem kemur til einhverskonar samskipta milli einstaklinga. Hér er t.d. ekki rannsakað hvernig eða hvort aðrir „hversdagslegir“ hlutir eins og t.d. fréttáflutningur og fjölmiðlar ýti undir staðalmyndir og fordóma, ekki var heldur athugað hvernig/hvort opinberar stofnanir eins og t.d. menntastofnanir, lögregla, eða opinberar skrifstofur mismuni fólki vegna uppruna en hversdagsrasismi og duldir fordómar og mismunun geta einnig átt sér stað þar sem ekki til neinna beinna samskipta milli einstaklinga kemur.<sup>5</sup> Einnig er mikilvægt að hafa í huga að í rannsókn þessari er ekki spurt út í þætti er varða félagslega stöðu, menntun eða efnahag þátttakenda en þessir þættir geta vissulega haft áhrif á framkomu gagnvart einstaklingum þ.e. sérstaklega þar sem vitneskja um slíka þætti liggur fyrir (t.d. á vinnustöðum eða hjá ýmsum opinberum stofnunum). Annie S. Barnes (2000) dregur þá ályktun af sinni rannsókn að efnahagsleg staða sé ekki jafn mikilvægur þáttur og ýmsir fræðimenn hafa haldið

---

<sup>5</sup> Sem dæmi um hversdagsmismunun þar sem ekki til beinna samskipta kemur má t.d. nefna embættismenn sem móta reglugerðir sem mismuna, án þess að eiga nokkurntíman sjálfir í beinum samskiptum við þá minnihluta hópa sem reglurnar hafa áhrif á í þeirra daglega lífi. Annað dæmi eru fjölmiðlar sem viðhalda og ýta undir staðalmyndir um ákveðna hópa en hafa lítil sem engin bein samskipti við þá hópa sem fréttáflutningurinn hefur áhrif á í þeirra daglega lífi.

fram þegar kemur að mismunun og rasisma. Hún bendir á að mikilvægt sé að gera greinarmun á neikvæðri framkomu gagnvart fólki, annars vegar vegna stéttar eða efnahagslegrar stöðu og hins vegar vegna þjóðernisuppruna. Samkvæmt Barnes er félagsleg og efnahagsleg staða fólks sem tilheyrir etnískum minnihlutahópum hins vegar einmitt að jafnaði verri en einstaklinga meirihlutahópsins vegna fordóma, mismununar og rasisma. Í þessari rannsókn eru hversdagsfordómar og mismunun skoðuð gagnvart fólki af erlendum uppruna almennt, þ.e. þátttakendur voru aðeins valdir út frá uppruna en ekki út frá menntun eða efnahagslegri stöðu.

Til að ná þessu markmiði þótti okkur mikilvægt að heyra í ólíkum hópum fólks, aðallega fólki af erlendum uppruna en einnig þótti okkur áhugavert að heyra af reynslu Íslendinga til viðmiðunar, fólki í ólíkum félaglegum aðstæðum, í ólíkum störfum, af ólíku kyni og aldri. Vegna þess hversu vandmeðfarið málefnið duldir fordómar er, eins og reyndar allar tegundir fordóma, var ákveðið að framkvæma rannsóknina á þann óhefðbundna hátt sem lýst verður hér að neðan. Markmiðið var að fá einstaklinga til að hugsa raunverulega um hegðun annarra gagnvart sér á hverjum degi í tvær vikur samfelld og geta tjáð sig um líðan sína við þær aðstæður, án þess að hafa áhyggjur af því hvernig ráðandi hópurinn bregst við tilfinningum þeirra.

En er aðferðafræðin til þess fallin að rannsaka svo viðkvæmt viðfangsefni sem hversdagsfordómar er? Getur verið að þessir 72 einstaklingar af erlendum uppruna sem svöruðu spurningunum þessar tvær vikur hafi lent í viðkomandi aðstæðum fyrir tilviljun, óháð því hvort aðrir hafi upplifað svipaðar aðstæður annarsstaðar? Getum við treyst því að þátttakendur hafi lesið rétt í aðstæður eða mistúlkuðu þeir ef til vill framkomuna gagnvart sér?

Til að komast hjá tilviljanakenndum upplifunum einstaka þátttakenda, er í rannsókninni leitað eftir sambærilegum túlkunum og þær bornar saman með spurningum eins og t.d. upplifa þátttakendur sambærilegar aðstæður á svipaðan hátt? Upplifa þeir sambærilegar tilfinningar við sambærilegar aðstæður? Hvar á viðkomandi hegðun sér helst stað? Er samræmi milli svara þeirra fimm upprunahópa sem þátt tóku eða er marktækur munur? Er marktækur munur á svörum þeirra Íslendinga sem tóku þátt í könnunni og þeirra einstaklinga af erlendum uppruna sem þátt tóku?

Atriðin sem þátttakendur eru beðnir um að velta fyrir sér hvort þeir hafi upplifað þann daginn eru allt dæmi um hegðun/viðmót sem erfitt er að „sanna“ að hafi átt sér stað vegna þess að

viðkomandi er af erlendum uppruna<sup>6</sup>. Einmitt þess vegna þótti sérstök ástæða til að rannsaka þessa þætti. Af áralangri reynslu höfundar af námskeiðshaldi um fordóma og vinnu með fólki af erlendum uppruna hafa safnast fjölmörg dæmi um framkomu sem gjarnan er kölluð „ýkjur“ eða viðkomandi er kallaður „ofur viðkvæmur“ og ef til vill það algengasta: „þetta er bara einhver misskilningur“ ef einstaklingur af erlendum uppruna segist upplifa þá sem fordóma eða virðingarleysi. Þessi rannsóknaraðferð og þessi ákveðnu viðmót (framkoma) voru einmitt valin til þess að þátttakendum fyndist þeir „mega“ tala um þessa svokölluðu „litlu“ og „ómerkilegu“ en streituvaldandi og niðurlægjandi aðstæður í daglegu lífi sínu. Þannig gátu þeir merkt við á blaði þær aðstæður, sem sumir höfðu upplifað aftur og aftur í daglegu lífi en oft ekki getað beint sett fingur á hvað olli ákveðinni vanlíðan eða fundist tilefnið „of lítið“ til að minnast á það. Við spurningunni um hvernig viðmælendum leið við þátttöku í könnuninni svaraði t.d. einn viðmælandinn „*Aðeins eins og utangarðs þó það sé gott að geta verið heiðarleg án þess að móðga neinn*“.

Í grein sinni „Towards a Methodology to Identity – Converging Forms of Everyday Discrimination“ segir Essed<sup>7</sup> m.a. „Það getur verið mjög erfitt að setja fingur á þetta óréttlæti og því er líka erfitt að berjast gegn því“ Markmiðið með þessari rannsókn er einmitt að reyna að setja fingur á þessa hversdagslegu tegund fordóma og mismununar á Íslandi og um leið leita leiða til að vinna gegn þeim.

Hér á eftir fer skýrsla rannsóknarinnar; í öðrum kafla er greint frá markmiðum rannsóknarinnar, rannsóknarspurningum og framkvæmd hennar. Í þriðja kafla er gerð grein fyrir bakgrunnsupplýsingum um þátttakendur í rannsókninni, svo sem upprunalöndum, lengd dvalar á Íslandi, kyni og aldri. Í fjórða kafla er gerð grein fyrir marktekt niðurstaðna, farið yfir niðurstöður rannsóknarinnar og í þeim fimmta túlkun á niðurstöðum. Í sjötta kafla eru að lokum settar fram nokkrar hugmyndir að fræðsluþáttum sem niðurstöðurnar benda til að væru gagnlegar til að bæta samskipti og gætu unnið gegn duldem fordómum og hversdagsmismunun á Íslandi. Í sjöunda kafla eru lokaorð

---

<sup>6</sup> Við spurningunni „Ef þú merktir við á mörgum stöðum, af hverju heldurðu að fólkíð komi svona fram við þig?“ töldu 62 % þeirra sem svöruðu þeirri spurningu ástæðuna vera að þeir væru útlendingar, þeir töluðu ekki nægjanlega vel íslensku eða vegna þröngsýni/rasisma.

<sup>7</sup> *Philomena Essed* (sótt 14.mai 2012). <http://www.un.org/womenwatch/daw/csw/essed45.htm> .



## **2. Markmið og framkvæmd rannsókna**

### **2.1 Markmið rannsókna og rannsóknarspurningar**

Rannsóknin byggir á aðferðafræði sem þykir gagnleg til að skilgreina hvernig samofid kerfi valdastöðu ráðandi hóps í samfélaginu lýsir sér og er upplifuð í daglegu lífi fólks af erlendum uppruna. Vegna þess hversu nýleg hugmyndin um hversdagsrasisma og dulda fordóma er fyrir mörgum, líka þeim sem fyrir þeim verða, þótti ekki ákjósanlegt að spyrja fólk beint út í reynslu þeirra af fordómum, heldur frekar nefna beinlínis ákveðna þætti sem fela í sér hegðun sem lýsir ákveðnu virðingarleysi og fordómum og meta í því samhengi hvar slík hegðun er líklegust til að eiga sér stað og hvaða tilfinningu það vekur hjá þeim sem fyrir henni verða. Þeir þættir sem valið var að spyrja um byggja á faggreinum um hversdagsrasisma (Essed, 2002; Alvarez, 2010; Barnes, 2000), á fjölmörgum samtölum við fólk af erlendum uppruna á Íslandi og u.þ.b. 700 þátttakendum á námskeiðum þar sem þátttakendur eru m.a. beðnir um að velja fyrir sér og nefna hverskonar hegðun lýsi virðingarleysi að þeirra mati. Þau atriði sem þátttakendur eru beðnir um að merkja við á spurningarblaðinu eru þau atriði sem flestir nefna sem dæmi um virðingarleysi í samskiptum.

Rannsóknin snýr þó ekki aðeins að því að kanna fjölda tilfella heldur ekki síður að því hvar þessi tilfelli eiga sér helst stað og hvernig tilfinningu þátttakendur upplifa við þær aðstæður. Eins og fram kemur í fjórða kafla þessarar skýrslu er afar áhugavert að sjá hversu sambærilegar tilfinningar fólk upplifir við samskonar aðstæður. Fjöldi tilfella gefur hins vegar til kynna hvort um einstök tilfelli sé að ræða eða hvort um endurteknar upplifanir í daglegu lífi þátttakenda.

Rannsóknarspurningar sem gengið er út frá eru eftirfarandi: Upplifir fólk af erlendum uppruna reglulega ákveðnar duldar birtingarmyndir fordóma í sínu daglega lífi á Íslandi? Hvaða birtingarmyndir dulinna fordóma og mismununar upplifir fólk af erlendum uppruna oftast í sínu daglega lífi á Íslandi? Við hvaða aðstæður (hvar) upplifa flestir slíka framkomu? Hvernig tilfinning fylgir því að upplifa dulda fordóma aftur og aftur í daglegu lífi? Hverju myndi fólk af erlendum uppruna helst vilja breyta í framkomu Íslendinga gagnvart sér? Verða Íslendingar almennt fyrir sambærilegri upplifun í sínu daglega lífi?



## **2.2 Framkvæmd rannsóknar**

Rannsóknaraðferðin er óhefðbundin. Hannað var spurningablað þar sem þátttakendur voru beðnir um að fara yfir hversdaginn sinn og merkja við á hverjum degi ef þeir upplifðu eitthvað af þeim þáttum sem nefndir eru á spurningablaðinu þann daginn. Þetta voru þeir beðnir um að gera á hverjum degi í tvær vikur. Einnig var spurt opinna spurninga í könnuninni. Þannig voru þátttakendur beðnir að nefna hvar viðkomandi atvik átti sér stað (ef þeir merktu við eitthvað þann daginn) og hvaða tilfinningu þeir upplifðu við þær aðstæður sem þeir merktu við. Að lokum voru viðmælendur spurðir þriggja almennra spurninga; 1) um líðan sína við þátttöku í könnuninni; 2) hvers vegna þeir teldu að framkoman gagnvart þeim væri eins og þeir upplifðu og að lokum 3) hvernig þeir vildu að framkoma gagnvart sér breyttist.<sup>8</sup> Í sambærilegum rannsóknum (t.d. Essed 1991) hefur verið áhyggjuefni að viðmælendur í viðtölum (í eigindlegum rannsóknum) muni ef til vill ekki eftir ákveðnum atriðum sem þeir upplifa einmitt þegar viðtalið fór fram og fari þá fyrst og fremst að rifja upp atvik sem fela í sér opna fordóma eða beina mismunun. Einnig er hætt við að í þannig viðtölum finnist viðmælendunum atvikin ekki nægilega mikilvæg til að ræða þau (sérstaklega ef spyrillinn er íslenskur). Til að koma í veg fyrir þessi vandamál var ákveðið að gripa til þeirrar aðferðar sem hér er lýst. Þannig fór hver og einn þátttakandi yfir sína reynslu og tilfinningar varðandi ákveðin atvik í næði heima hjá sér og vissi að vegna nafnleyndar gæti hann nefnt alla þá þætti sem raunverulega áttu sér stað.

Þátttakendur voru fundnir á þann hátt að starfsmaður rannsóknar fór á vinnustaði þar sem starfa bæði innflytjendur og Íslendingar, í tungumálaskóla auk þess sem starfandi túlkar á viðkomandi tungumálum voru beðnir um að dreifa spurningalistum til áhugasamra. Starfsmaður rannsóknar fór og hitti þátttakendur og kynnti fyrir þeim markmið rannsóknarinnar, útskýrði hvernig fylla skyldi út rannsóknarblaðið, að ekki skyldi setja nafn eða persónugreinanlegar upplýsingar neinstaðar á blaðið og að þátttakendur skyldu setja blaðið í umslag, loka því og skila á ákveðinn stað eða senda með pósti. Þátttakendur af landsbyggðinni sendu blöðin í pósti. Hver og einn þátttakandi fékk rannsóknarblaðið og útskýringarblaðið saman í umslagi.

Við framkvæmd rannsóknarinnar var leitast við að hafa dreifingu þátttakenda eftir upprunalandi í samræmi við fyrirfram ákveðna hópa fólks af erlendum uppruna. Þar sem spurningablöðin voru

---

<sup>8</sup> Sjá spurningarblað í viðhengi I

aðeins þýdd yfir á pólsku, litháísku, tælensku og ensku var upphaflega ætlað að reyna að ná sérstaklega til þessara fjögurra hópa (auk Íslendinga) en auk þess svaraði hópur fólks frá Filippseyjum spurningunum, ýmist á ensku eða íslensku. Eins og sjá má á Mynd I, voru 65% þátttakenda frá Evrópulöndum og 35% frá öðrum heimsálfum. Því miður var hlutfall innsendra svara ekki í samræmi við útsend þáttökublöð hjá ákveðnum tungumálahópum. Þannig er fjöldi pólskra og litháískra svarenda um 0,4% allra Pólverja og Litháa sem búsettir voru á Íslandi í byrjun árs 2012, hlutfall fólks af afrískum uppruna búsettu á Íslandi var hins vegar 0,9% þar sem mun færri sem tilheyra þeim hópi búa á Íslandi. Hlutfall þátttakenda frá Tælandi var hæst eða 1,7% og þátttakenda frá Filippseyjum 1,2% af heildarfjölda frá þeim löndum búsettum á Íslandi í janúar 2012. Við úrvinnslu svara hefur tveim hópum verið slegið saman þ.e. fólk sem tilgreinir lönd í Afríku sem upprunaland og fólk sem nefnir lönd í S-Ameríku sem upprunaland. Ástæða fyrir þessu er einfaldlega að úrtakið fyrir hvern hóp fyrir sig hefði annars verið of lítið auk þess sem viðmælendur frá S-Ameríku voru sumir af Afrískum uppruna.


Reynt var að tryggja jafnt hlutfall karla og kvenna í hópi þátttakenda en að lokum voru kvenkyns þátttakendur fleiri. Send voru út 200 spurningablöð en af þeim skiluðu 89 einstaklingar svarblöðunum til baka, 60 konur og 28 karlar (einn þátttakandi tók ekki fram kyn). Viðmælendur voru beðnir um að svara spurningunum í tvær vikur á tímabilinu 1. maí til 31. maí 2012. Spurningalistinn sem notaður var er í viðhengi I.

Endurheimtur útsendra spurningalista var 45% sem vissulega hefði mátt vera hærra hlutfall en er þó skiljanlegt út frá því sjónarhorni að þátttakendur voru beðnir um að taka sér tíma til að fylla út svarblaðið á hverjum degi í tvær vikur samfelld og svara þar að auki opnum spurningum. Þátttaka var sjálfviljug og var þátttakendum ekki boðin nein laun eða gjafir fyrir þátttöku.

### **3. Bakgrunnsupplýsingar um viðmælendur**


Hér eru settar fram bakgrunnsupplýsingar um þátttakendur í rannsókninni. Myndirnar í kaflanum sýna upprunaland þátttakenda af erlendum uppruna og lengd dvalar á Íslandi. Aðrar bakgrunnsupplýsingar varða skiptingu svarenda milli kynja en 67.4% þátttakenda voru konur, 31.5% voru karlar og einn þátttakandi merkti ekki við kyn. Þar sem spurningarblöðunum var dreift í tungumálaskólum og vinnustöðum var ómögulegt að hafa áhrif á fjölda karla og kvenna sem kusu að taka þátt í rannsókninni og senda inn svarblöðin að 2 vikum loknum. Spurningablöðin voru einnig send til einstaklinga utan höfuðborgarsvæðisins en þar sem ekki er

beðið um upplýsingar um búsetu á svarblöðunum er ómögulegt að vita hlutfall svarenda út frá búsetu. Meðalaldur þátttakenda var 34.1 ár.



**Mynd I. Upprunalönd viðmælenda**

Af 89 viðmælendum voru 68 frá Evrópu, þar af 17 Íslendingar, 3 frá Suður Ameríku, 4 frá Afríku og 16 frá Asíu.



**Mynd II. Lengd dvalar á Íslandi (aðrir en Íslendingar)**

Ef frá eru taldir íslenskir svarendur þá hafa 48,6% viðmælenda dvalið lengur en 5 ár á Íslandi, 40% hafa verið á Íslandi 2 – 5 ár og aðeins 6% minna en 1 ár. Af því má draga þá ályktun að meirihluti þátttakenda tali einhverja eða góða íslensku og tungumálakunnátta sé því ekki megin ástæða samskiptaleysis milli Íslendinga og þátttakenda eða afgerandi þáttur í niðurstöðum.

## 4. Niðurstöður

Í þessum kafla verður gert grein fyrir helstu niðurstöðum rannsóknarinnar og svörin skoðuð út frá rannsóknarspurningum.

### 4.1 Marktæki niðurstaðna

Marktæki niðurstaðna var metið með SPSS forritinu. ANOVA próf<sup>9</sup> var framkvæmt til þess að kanna hvort marktækur munur væri á því hvort einstaklingar merktu við eitt eða fleiri atriði á könnuninni á þeim tveimur vikum sem þeir tóku þátt, byggt á upprunalandi. Útkoman sýndi að þar var marktækur munur  $F(5, 88)=7.378, p<.001$ . Þá var framkvæmt Tukey's HSD próf þar sem niðurstaðan sýndi að þennan mun væri að finna milli Íslendinga ( $M=.41, SD=.50$ ) og allra annarra upprunahópa: Póllands og Íslands ( $M=.91, SD=.29$ ; Tukey's HSD,  $p<.001$ ), Tælands og Íslands ( $M=.89, SD=.33$ ; Tukey's HSD,  $p<.01$ ), Litháen og Íslands ( $M=1.00, SD=.00$ ; Tukey's HSD,  $p<.01$ ), Afríku og S-Ameríku og Íslands ( $M=1.00, SD=.00$ ; Tukey's HSD,  $p=.001$ ), og Filippseyja og Íslands ( $M=1.00, SD=.00$ ; Tukey's HSD,  $p=.001$ ), þar sem allir aðrir upprunahópar merkja að jafnaði oftast í einn eða fleiri reit í könnuninni heldur en Íslendingar.

Þegar skoðað var hvort marktækan mun væri að finna á fjölda tilvika sem þáttahendur merktu við, var önnur ANOVA framkvæmd. Svör Íslendinga voru ekki reiknuð með, þar sem tilgangurinn var að skoða hvort munur væri milli annarra þjóðernishópa. Fundinn var marktækur munur  $F(4, 71)=3.307, p<0.05$ . Þegar skoðað var nánar hvar munurinn lá, með framkvæmd Tukey's HSD, kom í ljós að marktækur munur var einungis milli Pólverja ( $M= 6.93, SD= 7.48$ )


---

<sup>9</sup> Skoðar hvort það sé tölfræðilega marktækur munur á fleiri en tveimur meðaltölum. Ef munurinn á meðaltölunum er tölfræðilega marktækur, vitum við að það er munur á meðaltölum að minnsta kosti tveggja hópa en ekki hvaða hópa. Síðan er notast við Tukey próf til að sjá hvar munurinn liggur, þ.e. á hvaða hópum er munur á meðaltölum.

og Flippseyinga ( $M=30.14$ ,  $SD= 45.74$ ; Tukey's HSD,  $p=.01$ ), þar sem Flippseyingar merktu að jafnaði mun oftari við einhver atriði á spurningarblaðinu en pólsku þátttakendurnir.

#### 4.2 Upplifir fólk af erlendum uppruna reglulega ákveðnar duldar birtingarmyndir fordóma í sínu daglega lífi á Íslandi?

Af þeim 89 þátttakendum sem fylltu út spurningalistann á hverjum degi í 14 daga, gáfu að meðaltali 82% þeirra til kynna að þeir hefðu upplifað eitthvað af þeim birtingarmyndum sem nefndar eru á spurningarblaðinu einu sinni eða oftari (samaltals) á þessu tveggja vikna tímabili. Þar af 93% fólks af erlendum uppruna og 35,2% Íslendinga. Hlutfall þátttakenda af erlendum uppruna sem höfðu upplifað einhverja þessara birtingarmynda fimm sinnum eða oftari var 62,5% en aðeins 5,8% Íslendinga, 36,1% fólks af erlendum uppruna hafði að upplifað slíka framkomu gagnvart sér 10 sinnum eða oftari, en engir Íslendingar. Að lokum höfðu 15,2% fólks af erlendum uppruna upplifað slíkt gagnvart sér oftari en 20 sinnum á þessu 14 daga tímabili.




Mynd III. Hlutfall þeirra sem hafa upplifað einhverjar birtingarmyndir dulinna fordóma á tveggja vikna tímabili

Af þessari mynd má sjá að 93% þátttakenda af erlendum uppruna höfðu upplifað einhverjar þessara birtingarmynda gagnvart sér einu sinni eða oftari á því tveggja vikna tímabili sem þeir fylltu út könnunina. Um 30% prósent Íslendinga hafði einnig upplifað eitthvað af þessu einu


sinni eða oftar. Munurinn verður hins vegar mun skýrari því oftar sem tilvikin eiga sér stað. Þannig svara enn 62,5% fólks af erlendum uppruna að slíkt hafi hent þá oftar en 5 sinnum á tímabilinu en aðeins 5,8% Íslendinga. Munurinn minnkar síðan aftur þegar tilfellin eru orðin fleiri en 10 og fleiri en 20 á þessu tveggja vikna tímabili en enginn Íslendingur hafði upplifað slíkt oftar en 5 sinnum á þessu tímabili.

Þegar bornir eru saman ákveðnir þjóðernishópar og upplifanir þeirra á viðkomandi birtingarmyndum hversdagsfordóma og mismununar má sjá að lítill munur er milli þjóðernishópa þegar kannað er hversu margir hafa upplifað viðkomandi viðmót gagnvart sér einu sinni eða oftar á tveggja vikna tímabili. Munurinn verður hins vegar greinilegur þegar taldir eru þeir sem upplifað hafa slíkt 5 sinnum eða oftar á tímabilinu en þar er neikvæð upplifun Pólverja mun sjaldgæfari en annarra þjóðernishópa sem þátt tóku í rannsókninni. Þeir sem upplifðu slíka neikvæða hegðun gagnvart sér oftar en 10 sinnum voru oftast fólk af afrískum/s-amerískum uppruna, Lithár og Tælendingar og þeir sem upplifðu viðkomandi framkomu 20 sinnum eða oftar á 14 daga tímabili tilheyrðu oftast hópi Litháa og Filippseyinga.



Mynd IV. Fjöldi neikvæðra upplifana eftir þjóðernisuppruna þátttakenda (annað en Ísland)


Á þessari mynd má sjá skiptingu heildarfjölda neikvæðra upplifana eftir þjóðerni (utan Íslendinga) en hafa ber í huga að í sumum upprunahópum er fjöldi þátttakenda mun fámennari en í öðrum og því svör hvers einstaklings mikilvægari en þegar um fjölmennari svarhóp er að ræða. Á Mynd V má sjá hvernig svör þátttakenda dreifðust í samanburði við íslenska þátttakendur.



Mynd V. Fjöldi neikvæðra upplifana eftir þjóðernisuppruna þátttakenda að Íslendingum meðtöldum

### 4.3 Hvaða dæmi um birtingarmyndir dulinna fordóma/mismununar upplifir fólk af erlendum uppruna oftast í sínu daglega lífi á Íslandi?

Af þeim birtingarmyndum dulinna fordóma sem taldar eru upp á spurningarblaðinu eru vissulega ákveðnar birtingarmyndir dulinna fordóma sem fólki finnst það upplifa oftast en aðrar. Hér á eftir (Mynd VI) má sjá hvaða upplifanir fólk af erlendum uppruna upplifði að meðaltali oftast þ.e. einu sinni eða oftar, 5 sinnum eða oftar og 10 sinnum eða oftar á 14 dögum.



Mynd VI. Hlutfall upplifana við ákveðnum spurningum (sjá spurningar í viðhengi I)

Hér sést greinilega að oftast upplifðu þátttakendur að meðaltali að þeir væru hunsaðir eða látið eins og þeir væru ekki til,<sup>10</sup> önnur afar dulin birtingarform fordóma eins og að þykjast ekki skilja viðkomandi, forðast samskipti við þá eða að glápa og mæla út viðkomandi voru líka afar algengar birtingarmyndir. Þegar horft er á þessa dreifingu vekur athygli að framkoma sem felur í sér beina mismunun eða opna fordóma upplifa þátttakendur mun sjaldnar en hinar duldu birtingarmyndir. Þannig hafa mun færri upplifað að vera kallaðir uppnefni einu sinni eða oftar eða að kölluð séu á eftir þeim ókvæðisorð þær tvær vikur sem þeir tóku þátt í könnuninni.<sup>11</sup> Það sem einnig vekur athygli hér er hversu fáir merktu við eða svöruðu spurningunni „talaði niður til mín“ en merktu sama dag við ýmis atriði sem flokka mætti sem „að tala niður til“<sup>12</sup> Þetta mætti hugsanlega skýra með því hversu það „að tala niður til“ er opið og óskilgreind hegðun og því hugsanlega erfitt fyrir þátttakendur að vita hvað átt er við. Af sömu ástæðu getur verið að þýðingin á þeirri spurningu hafi ekki náð sömu merkingu og hún hefur á íslensku.


<sup>10</sup> 60% þátttakenda upplifði þetta einu sinni eða oftar, 9, 4% fimm sinnum eða oftar og 3,2% oftar en 10 sinnum á 14 daga tímabili.

<sup>11</sup> 10,2% þátttakenda höfðu upplifað að vera kallaðir uppnefni einu sinni eða oftar á tímabilinu og 12,2% höfðu upplifað að kallað væri á eftir þeim ókvæðisorð á tímabilinu.

<sup>12</sup> Eins og t.d. „talaði við mig eins og barn“.



Sjá má á Mynd VII að ef tekið er dæmi um hvernig upplifun af ákveðnum spurningum skiptist á milli ólíkra þjóðernishópa, má sjá að við sumum spurningum er skiptingin milli þjóðernishópa nokkuð skýr. Hér er tekið dæmi um spurningu 5<sup>13</sup> og spurningu 15<sup>14</sup> á spurningarblaðinu.




**Mynd VII. Hlutfall þeirra sem upplifðu „Hunsaði mig, lét eins og sæi mig ekki“ einu sinni eða oftár á 14 daga tímabili**

Upplifunin er nokkuð ólík eftir þjóðernum en hér má sjá að Litháar og fólk af afrískum- og suður-amerískum uppruna upplifðu þessa hegðun oftast einu sinni eða oftár á tímabilinu.

Á myndinni hér að neðan er hins vegar skoðuð spurning 15 og þar má sjá að Pólverjar og Litháar upplifðu þá hegðun mun sjaldnar en fólk af asísku, afrískum og suður-amerískum uppruna.


<sup>13</sup> Spurning 5 „Hunsaði mig, lét eins og sæi mig ekki“

<sup>14</sup> Spurning 15 „Talaði UM mig við aðra, ekki VIÐ mig“



**Mynd VIII. Hlutfall þeirra sem upplifðu „Talaði UM mig, ekki VIÐ mig“ einu sinni eða oftár á 14 daga tímabili**

Ef skoðað er til samanburðar hvaða upplifunum Íslendingar urðu oftast fyrir á því 14 daga tímabili sem þeir fylltu út spurningablaðið þá má sjá að þar eru sjö atriði sem einhverjir höfðu upplifað einu sinni á tímabilinu en einn þátttakandi hafði upplifað að vera sýnd óþolinmæði tvisvar á tímabilinu.




**Mynd IX. Svör íslenskra þátttakenda við spurningunum**

Spurningar 1, 10 og 11 eru allt spurningar sem snúa að einhverju leyti að íslenskukunnáttu og því má telja eðlilegt að Íslendingar hafi ekki orðið fyrir þeim upplifunum.<sup>15</sup> Öll önnur atriði á listanum hefðu alveg eins getað hent Íslendinga, en gerðu það sárasjaldan eða aldrei. Eina atriðið sem þrír Íslendingar í hópi þátttakenda höfðu upplifað einu sinni á tímabilinu var spurning 5 en það var líka sú upplifun sem flestir þátttakendur af erlendum uppruna urðu fyrir á tímabilinu.

#### 4.4 Við hvaða aðstæður (hvar) upplifðu flestir eitthvað af upptöldum birtingarmyndum dulinna fordóma í sínu daglega lífi?


Þátttakendur voru ekki aðeins beðnir um að merkja við á spurningarblaðinu ef þeir upplifðu eitthvað af þeim þáttum sem taldir voru upp á blaðinu, heldur einnig hvar viðkomandi var staddur eða við hvaða aðstæður hann/hún upplifði framkomuna og hvernig þeim leið við þær aðstæður.



Mynd X. Hvar áttu samtals viðkomandi birtingarmyndir dulinna fordóma sér helst stað?

<sup>15</sup> Spurning 1: „Þættist ekki skilja mig“, spurning 10: „Hækkaði röddina til að ég skildi betur íslensku“ og spurning 11: „Talaði ensku við mig án þess að vita hvort ég talaði íslensku“.

Eins og berlega sést á þessari mynd áttu flest atvikin sér stað á vinnustað viðkomandi. Ekki tóku allir þátttakendur alltaf fram hvar þeir höfðu upplifað viðkomandi hegðun og eru niðurstöðurnar sem hér sjást hlutfall þeirra svara þar sem það var tekið fram. Undir þeim stöðum sem hér er tekið saman sem „annað“ er yfirleitt nefnt svarið „úti á götu“, „á bar“ og í einstaka tilfellum „heima“. Það var hlutfallslega sjaldan tekið fram að upplifunin hafi átt sér stað á opinberri stofnun en vissulega má færa þau rök að heimsókn á opinbera stofnun sé ekki hluti af daglegu lífi fólks og því ekki endilega við því að búast að þátttakendur hafi endilega átt erindi á opinbera stofnun þessar tvær vikur sem þeir tóku þátt í rannsókninni.



### Mynd XI. Við hvaða aðstæður áttu ákveðnar birtingarmyndir sér helst stað?

Á þessari mynd má sjá skiptingu milli spurninga þ.e. hvaða framkoma átti sér oftast stað við hvaða aðstæður.<sup>16</sup>


Þar sem íslenskir þátttakendur merktu við afar fáa þessara þátta og voru fyrst og fremst fengnir til þátttöku til viðmiðunar eiga niðurstöðurnar hér að ofan við um fólk af erlendum uppruna. Þeir íslensku þátttakendur sem merktu við að hafa upplifað eitthvað af því sem talið er upp á

<sup>16</sup> Ljóst er að við sumar spurningar hafa atvikin átt sér stað á mismunandi stöðum á mismunandi dögum og þannig getur einn aðili t.d. merkt 3 krossa við eina spurningu og skrifað við „í vinnunni, í búð og á skrifstofu...“ Við spurningu 9 „Glápti á mig, mældi mig út“ eru óvenju mörg svör merkt sem „annað“ en flest þeirra eiga við þegar svarendur svara „úti á götu“.

spurningarblaðinu og tóku fram hvar það hafði hent, höfðu upplifað slíka hegðun gagnvart sér jafn oft í vinnunni og annarstaðar (í búð, á kaffihúsi).

#### 4.5 Líðan fólks við upplifun viðkomandi birtingarmynda dulinna fordóma

Við hvern kross sem þátttakendur merktu við, þ.e. við hvert atvik sem þeir höfðu upplifað eitthvað af þeim fimmtán aðstæðum sem lýst var á spurningarblaðinu, voru þeir beðnir um að taka fram hvar sú upplifun átti sér stað og að skrá hvernig líðan upplifunin kallaði fram hjá þeim.<sup>17</sup> Hér var sérstaklega áhugavert að bera saman hvort sambærileg upplifun kallaði fram sambærilega líðan hjá mismunandi einstaklingum. Orðin sem notuð voru til að lýsa líðaninni voru margvísleg og því ekki hægt að taka þau nákvæmlega saman í töflu en hér að neðan má sjá samantekt yfir heildarsamantekt þar sem svörin hafa verið sett saman í 4 flokka sem lýsa algengustu svörunum. Þær tilfinningar sem m.a. var lýst undir flokknum „önnur neikvæð líðan“ eru orð eins og misboðið, uppgefin, niðurlægð, einmana, einangruð, vonbrigði, stress, kvíði, skömm, óréttlátt, grátur, óöryggi, auðmýkjandi og vandræðalegt. Hér fyrir neðan verða einnig birtar nokkrar setningar þar sem þátttakendur lýsa líðan sinni nánar við ákveðnar aðstæður.



Mynd XII. Líðan þátttakenda við þær aðstæður þegar þeir upplifðu hversdagsfordóma

<sup>17</sup> Spurningin hjóðaði eftirfarandi „Hvaða orð lýsir líðan þinni best?“

Af 215 svörum fólks af erlendum uppruna sem lýstu líðan sinni við þá framkomu sem nefnd er á spurningablaðinu, var svarið „illa eða mjög illa“ skrifað 66 sinnum, „reiði eða pirringur“ var skrifað 64 sinnum, svör sem lýstu depurð, leiða eða sorg voru skrifuð 24 sinnum, svör sem lýstu annarskonar neikvæðri líðan voru skrifuð 40 sinnum og svarið „alveg sama eða hlægilegt“ var skrifað 19 sinnum. Af þeim 215 skiptum sem tilfinningu við þessar ákveðnar upplifanir var lýst, var orðið „vel“ skrifað 4 sinnum.<sup>18</sup>

Af svörum þeirra 9 íslensku þátttakendanna sem lýstu líðan við ákveðnar aðstæður var svarið „illa eða mjög illa“ aldrei skrifað, „reiði eða pirringur“ var skrifað 3 sinnum, svör sem lýstu depurð, leiða eða sorg aldrei, svör sem lýstu annarskonar neikvæðri líðan voru skrifuð 4 sinnum og svarið „alveg sama eða hlægilegt“ var skrifað 2 sinnum.

Sumir þátttakendur í rannsókninni skrifuðu setningar við ákveðnar upplifanir og hér má sjá nokkur dæmi um slíkar setningar.

*Spurning 1: „Skömmustuleg /feimin, reyndi ekki að segja það aftur.“*

*Spurning 2: „Eins og hunsuð þar sem aðrir Íslendingar voru nálægt, leið einangruð.“*

*Spurning 4: „Sorg og leiði, eins og ég sé verri manneskja“, og „ógeð á vinnustað“.*

*Spurning 5: „Óþægilegt, eins og ég væri loft“, „Einmana og tómleiki, ekkert samband við annað fólk“ og „Vonaðist til að finna Íslendinga til að tala við“.*

*Spurning 7: „Hugsaði hvað ég væri að gera rangt“*

*Spurning 9: „Voða hlýt ég að vera heimsk og gagnslaus“*

*Spurning 10: „Reiður, ég er ekki heyrnarlaus“.*

*Spurning 12: „Hræðileg tilfinning, eins og það sé verið að segja við mann “ Mér er alveg sama um þig” “Vertu ekki að trufla mig” “Öllum er sama hvað þú ert að hugsa” og „Líður eins og þjófi“.*

*Spurning 15: „Einn að eilífu (forever alone)“.*

---

<sup>18</sup> Einu sinni við spurningu 2 „Forðaðist samskipti við mig“, einu sinni við spurningu 5 „Hunsaði mig, lét eins og sæi mig ekki“, einu sinni við spurningu 11 „Talaði ensku við mig án þess að vita hvort ég tala íslensku“ og einu sinni við spurningu 15 „Talaði UM mig við aðra, ekki VIÐ mig“.

#### 4.6 Svör við opnum spurningum

Í lok spurningarblaðsins voru bornar fram þrjár spurningar sem þátttakendur eru beðnir um að svara en spurningarnar voru:

1. Hvernig leið þér við að taka þátt í þessari könnun?
2. Ef þú merktir við á mörgum stöðum, af hverju heldurðu að fólkið komi svona fram við þig?
3. Hverju myndirðu helst vilja breyta varðandi framkomu fólks gagnvart þér á Íslandi?

Svörin voru margvísleg og of langt mál að skrifa þau öll niður hér en farið verður yfir helstu niðurstöður svaranna.

Athygli vekur fyrst að flestir svöruðu fyrstu spurningunni um líðan sína við að taka þátt í könnuninni með svarinu „vel“ eða lýstu skoðun sinni á gagnsemi rannsóknarinnar en síðan eru nokkrir sem bættu við setningum því til nánari útskýringar og er áhugavert að skoða þær nánar.

*„Vel, byrjaði að taka eftir svona atvikum“.*

*„Vel, tók betur eftir hvað er að gerast“.*

*„Hér er talað um mjög mikilvægt efni um pólsk-íslensk samskipti“.*

*“ Rannsóknin er mjög mikilvæg til að sýna hvað stundum er erfitt að vera útlendingur“.*

*„Vel, nauðsynlegt að hugsa stundum um hvað það er sem er að pirra okkur“.*

*„Vel, áður hugsaði ég ekki um allt þetta sem er að gerast við mig og í kringum mig“.*

*„Mér finnst þetta skrítið, því að öll þessi ár sem ég hef búið á Íslandi hafði engin áhuga á hvernig mér líður“.*

*„Vel, áður hugsaði ég mér ekki, að allt þetta væri að gerast við mig og í kringum mig“.*

*„Venjulega, búin að sætta mig við framkomu Íslendinga við innflytjendur“.*

*„Þessi könnun er mjög góð. Mér finnst núna að einhver hópur vilji vita um upplifun Tælendinga líka“.*

*„Ég byrjaði aftur að taka eftir hlutum, ég meina þetta hefur alltaf verið svona en eftir einhvern tíma hætti ég að taka eftir því“.*

Það var ekki svo að öllum liði vel við það að taka þátt í rannsókninni eða hefðu jákvæða skoðun á gerð hennar. Hér eru nokkur dæmi um þátttakendur sem leið illa við þátttökuna eða höfðu ekki trú á gagnsemi hennar.

„Mér leið eins og ég væri að gera eitthvað slæmt“.

„Illu, of mikið af neikvæðum tilfinningum“.


„Skrítið, því ég þurfti að einbeita mér að tilfinningum sem voru slæmar“.

„Ég hefði viljað könnun í öðru formi, t.d. viðtal – þetta tekur of langan tíma“.

„Í uppnámi (upset)“.

„Æstur og stressaður - Allt þetta gerist næstum á hverjum degi „EF“ ég er í návist Íslendinga. Ekki allir eru illgjarnir/vondir en það er eins og kemur fram á þessu blaði er bara meirihlutinn“.

Spurning númer tvö snýr að svörum þátttakenda sem hafa merkt við ákveðna upplifun um hvers vegna þeir telja sjálfir að komið sé fram við þá á viðkomandi hátt. Þetta er afar áhugaverður þáttur rannsóknarinnar þar sem of sjaldan er hlustað á þá sem fyrir duldu fordómum og mismunun verða.



Mynd XIII. Hér sést hvers vegna þátttakendur telja aðra koma fram við sig á þennan hátt.



Hér kemur fram að 61,8% þátttakenda taldi ástæðu framkomunnar gagnvart sér vera þá að þeir væru af erlendum uppruna, vegna fordóma/rasisma eða vegna þess að þeir töluðu ekki nógu góða íslensku. Hins vegar töldu 16,3% þátttakenda hegðunina tengda vandamálum eða vanþekkingu þeirra sem sýna hegðunina. Má þar nefna sem dæmi setningar eins og „þetta er fávíst fólk“, „þau eru sjálf með einhver vandamál“, „fólk hefur átt slæman dag“, „það vill bæta eigin vanlíðan, það hefur vandamál sjálft. Vill losa sig við reiðina á öðru fólk“ eða „þetta er sveitafólk með lágt framkomustig“. Einnig nefndu nokkrir ótta þeirra sem þannig koma fram sem ástæðu og taka þannig að vissu leyti upp hanskann fyrir þá. Sem dæmi um það eru svör eins og „Ég held að það sé af því þau séu hrædd við eitthvað sem þau þekkja ekki. Þetta er einhverskonar varnar hegðun“ og „fólk er hrætt“. Þá sögðust 10,9% þátttakenda ekki vita hvers vegna þeir verði fyrir viðkomandi hegðun.

Að lokum er mikilvægt að skoða vel svörin við spurningu 3 um hverju þátttakendur myndu helst vilja breyta varðandi hegðun gagnvart sér á Íslandi og eru tillögur að námskeiðum og fræðsluefni í kafla 7 að miklu leiti byggðar á þessum svörum.

Í hnotskurn má segja að flestar tillögurnar snúi að sama meiddi, þ.e. „að fólk komi eðlilega fram við okkur og komi fram við okkur eins og það vill að við komum fram við sig“. Þau orð sem standa uppúr þegar þessi listi er skoðaður eru orðin „virðing“, „þolinmæði“, og „umburðarlyndi. Nokkrir þátttakendur nefna að þeir vilji í raun ekki breyta neinu.

Þar sem afar mikilvægt er að þessi þáttur rannsóknarinnar komi fram, eru öll svörin við þessari spurningu birt í Viðhengi II.

## 5. Túlkun niðurstaðna

### 5.1 Upplifir fólk af erlendum uppruna reglulega ákveðnar duldar birtingarmyndir fordóma í sínu daglega lífi á Íslandi?

Samkvæmt þeim niðurstöðunum sem hér liggja fyrir má draga þá ályktun að meirihluti fólk af erlendum uppruna upplifi reglulega framkomu gagnvart sér sem felur í sér virðingarleysi og mismunun sem kallar fram neikvæðar eða afar neikvæðar tilfinningar. Aðeins fimm af 72 þátttakendum af erlendum uppruna, sem þátt tóku í rannsókninni, höfðu ekki upplifað neina hegðun sem myndi flokkast undir dulda fordóma og mismunun gagnvart sér einu sinni eða oftár á því tveggja vikna tímabili sem þeir fylltu út spurningarblaðið. Tæplega 30,5% Íslendinganna sem þátt tóku í rannsókninni höfðu upplifað einhverja slíka framkomu gagnvart sér einu sinni eða oftár, þar af aðeins einn oftár en tvisvar. Annaova prófið gefur til kynna að hér sé vissulega ekki um tilviljun að ræða eða að einmitt þessir einstaklingar sem þátt tóku hafi átt óvenju erfiðar tvær vikur heldur sé hér raunverulega marktæk fylgni á milli þess að vera af erlendum uppruna og að upplifa slíka hegðun gagnvart sér. Þegar horft er til fjölda einstaklinga sem upplifa einhverja birtingarmynd dulinna fordóma gagnvart sér fimm sinnum eða oftár á 14 daga tímabili verður munurinn þó ennþá greinilegi og gefur ljóslega til kynna að ekki sé um tilviljun að ræða þegar 62,5% fólks af erlendum uppruna hafði upplifað slíka hegðun gagnvart sér fimm sinnum eða oftár en aðeins 5,8% íslensku þátttakendanna þ.e einn af 17 íslenskum þátttakendum. Það sama má segja um niðurstöðurnar þegar talinn er fjöldi þeirra sem upplifað hafa einhverja þessara birtingarmynda 10 sinnum eða oftár og 20 sinnum eða oftár en enginn Íslendinganna hafði gert það.

Samkvæmt skilgreiningu Essed (2002) felur hversdagsrasismi í sér, sérhverja gjörð – í orðum, án orða eða orðnotkun– sem hefur neikvæðar afleiðingar fyrir kynþátta- eða þjóðernislega minnihlutahópa reglulega og endurtekið í þeirra daglega lífi. Þegar horft er til þess að rúm 60% þátttakenda af erlendum uppruna upplifði slíka hegðun gagnvart sér fimm sinnum eða oftár á 14 daga tímabili gefur það sterklega til kynna að hér sé um að ræða hversdagsrasisma samkvæmt skilgreiningu Essed. Fjöldi tilvika gefur til kynna að upplifunin sé hluti af daglegu lífi stórs hluta þátttakenda og líðanin sem list er við þær aðstæður gefur til kynna að framkoman hafi ótvírætt neikvæðar afleiðingar fyrir þá þjóðernislegu minnihlutahópa sem þátt tóku í rannsókninni.

Þannig má gera ráð fyrir að flestir geti upplifað eitthvað af þessari hegðun af og til í sínu daglega lífi og vissulega hafi fleiri þættir en uppruni áhrif á það hvort einstaklingur upplifir þá oft eða sjaldan (t.d. félagsleg- og efnahagsleg staða, fötlun, líkamleg- og andleg heilsa, aldur o.s.frv). Augljóst er þó af niðurstöðum þessarar rannsóknar að uppruni er einn þáttur sem hefur greinilega áhrif á fjölda slíkra upplifana. Þannig geta Íslendingar upplifað þessar ákveðnu birtingarmyndir fordóma af og til, en hins vegar eru þær viðvarandi hluti af daglegu lífi flestra einstaklinga af erlendum uppruna og flokkast þar með sem hversdagsfordómar og mismunun. Mikilvægt er að hafa í huga að jafnvel þó færa megi rök fyrir því að þrjár spurninganna eigi ekki við um íslensku þátttakendurna þar sem þær snúa beint að tungumálakunnáttu svarenda<sup>19</sup> breytir það engu um raunverulegan fjölda tilvika hjá fólki af erlendum uppruna. Þær tölur segja okkur t.d. að 36,1% þátttakenda af erlendum uppruna hafi orðið fyrir einhverri af þessum neikvæðu upplifunum oftár en 10 sinnum á 14 daga tímabili.<sup>20</sup> Burtséð frá samanburði við upplifun þeirra Íslendinga sem þátt tóku í rannsókninni hlýtur þetta að teljast afar hátt hlutfall fólks sem upplifir slíkt jafnvel á hverjum degi og að 15,2% þátttakenda af erlendum uppruna hafi upplifað slíka hegðun gagnvart sér 20 sinnum eða oftár á 14 daga tímabili má vissulega teljast til marks um það að grípa þurfi til aðgerða á íslenskum vinnustöðum þar sem flest tilföllin eiga sér stað samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar. Þeir sem oftast upplifðu slíka hegðun gagnvart sér höfðu gert það allt að 120 sinnum á tímabilinu þ.e. oft á hverjum degi.

Þegar bornir eru saman ákveðnir þjóðernishópar og upplifanir þeirra á viðkomandi birtingarmyndum hversdagsfordóma og mismununar má sjá að lítill munur er milli þjóðernishópa þegar kannað er hversu margir hafa upplifað viðkomandi viðmót gagnvart sér einu sinni eða oftár á tveggja vikna tímabili. Munurinn verður hins vegar greinilegur þegar taldir eru þeir sem upplifað hafa slíkt fimm sinnum eða oftár á tímabilinu en þar er neikvæð upplifun Pólverja mun sjaldgæfari en annarra þjóðernishópa sem þátt tóku í rannsókninni. Þeir sem upplifðu slíka neikvæða hegðun gagnvart sér oftár en 10 sinnum og svo oftár en 20 sinnum á 14 daga tímabili tilheyrðu oftast hópi Litháa og Filippseyinga. Hér er ekki gott að segja hver ástæðan er, en bæði Pólverjar og Litháar tilheyrja þeim hópi þátttakenda sem ekki eru sjáanlega af

---

<sup>19</sup> Þetta eru spurningarnar: „Þættist ekki skilja mig“, „Hækkaði röddina, til að ég skildi betur íslensku“, og „Talaði ensku við mig án þess að vita hvort ég tala íslensku“.

<sup>20</sup> Stundum sömu birtingarmyndinni mörgum sinnum á þessu tímabili og öðrum sjaldnar eða aldrei

erlendum uppruna á meðan þátttakendur af asískum, afrískum og s-amerískum uppruna eru sjáanlega af erlendum uppruna. Munur milli Pólverja og Litháa getur verið háður mörgum ólíkum þáttum en ein skýring getur verið mikil neikvæð umfjöllun um Litháa í fjölmiðlum. Vissulega hefur einnig verið neikvæð umfjöllun um Pólverja í fjölmiðlum en þar sem þeir eru mun fjölmennari hópur á Íslandi hefur það eflaust áhrif á upplifun þeirra, þ.e. að þeir hafi t.d. minni þörf fyrir samskipti við Íslendinga á vinnustað þar sem þeir geta haft samskipti við aðra Pólverja. Einnig má gera ráð fyrir að þar sem eru margir Pólverjar á vinnustað hafi þeir stuðning hver af öðrum og taki síður eftir neikvæðri hegðun gagnvart sér og að hegðunin hafi minni neikvæð áhrif á þá fyrir bragðið.

## **5.2 Hvaða dæmi um birtingarmyndir dulinna fordóma/mismununar upplifir fólk af erlendum uppruna oftast í sínu daglega lífi á Íslandi?**

Af þeim birtingarmyndum dulinna fordóma sem taldar eru upp á spurningarblaðinu er augljóst að þær birtingarmyndir sem flestir upplifa oftast eru duldustu form þeirra þ.e. þær birtingarmyndir sem erfiðast er að setja fingur á eða bregðast við þegar þær eiga sér stað. Þessar niðurstöður gefa til kynna að þær birtingarmyndir sem eru augljósar og sýnilegar öðrum en þeim sem fyrir þeim verða, eru mun óalgengari en sú hegðun sem er dulin og oft ósýnileg öðrum en þeim sem fyrir henni verða. Sú birtingarmynd sem flestir höfðu upplifað á tímabilinu að meðaltali var að þeir væru hunsaðir eða látið eins og þeir væru ekki til. Það er afar erfitt að „sanna“ eða fullyrða að maður hafi verið hunsaður eða einhver hafi látið eins og maður væri ekki til eða að einhver hafi forðast samskipti við mann. Að sama skapi er næstum ómögulegt að „sanna“ að einhver hafi þóst ekki skilja mann (viðkomandi getur jú alltaf fullyrt á móti að hann hafi raunverulega ekki skilið viðkomandi) eða sýnt manni vandlætingu með svip. Hins vegar geta verið mörg vitni að því ef einhver er kallaður uppnefnum eða ef kölluð eru ókvæðisorð á eftir fólki á götum úti. Þessháttar hegðun þ.e. augljósari birtingarmyndir fordóma upplifðu 14,3%<sup>21</sup> einu sinni eða oftár og 12% upplifðu einu sinni eða oftár á 14 daga tímabili að kölluð voru ókvæðisorð á eftir þeim. Það sem hins vegar er afar mikilvægt að hafa í huga er að jafnvel þó hegðunin sé dulin (og ef til vill einmitt vegna þess) er augljóst á svörum þátttakenda þessarar könnunar að neikvæðar tilfinningar sem þeim fylgja eru engu alvöruminni en ef um augljósari birtingarmyndir er að ræða. Það

---

<sup>21</sup> “Kallaði mig uppnefni”

verður t.d. að teljast alvarlegt að 29% þátttakenda af erlendum uppruna upplifðu að hlegið væri að þeim einu sinni eða oftar á tímabilinu og líðaninni sem er lýst við þær aðstæður er m.a. lýst með eftirfarandi orðum/setningum: „*skömm, sorg, ekki vel, vonbrigði, pirringur, sorg og leiði, eins og ég sé verri manneskja, illa, ógeð á vinnustað, reiði, pirraður, misboðið.*“ Við slíkar aðstæður er augljóst að erfitt er að bregðast við þar sem eins og stundum er sagt „*er jú bara verið að grínast*“ en tilfinningarnar eru augljóslega ekkert grín fyrir þá sem fyrir framkomunni verða.

Annað sem hafa ber í huga varðandi þessar niðurstöður er að hugsanlega eru þessar duldu birtingarmyndir fordómanna orðnar svo „eðlilegur“ partur samskipta við fólk af erlendum uppruna að þeir sem vanlíðaninni valda geri sér ekki grein fyrir afleiðingum hegðunar sinnar. Má þar t.d. nefna þegar fólk hækkar röddina þegar það talar við fólk af erlendum uppruna. Niðurstöður hér sýna að 40,3% þátttakenda upplifði þessa hegðun einu sinni eða oftar á þessu 14 daga tímabili og orðin sem lýstu líðaninni við þær aðstæður voru: „*niðurlægning, óánægð, illa, það pirrar mig, mér líður eins og algjörum lúða, niðurlægning, vandræðalegur (embarrassed), reiður, ég er ekki heyrnarlaus, ekki vel*“. Hér má vel vera að einhverjir sem þetta gerðu hafi gert það í góðri trú, til að viðkomandi skildi betur en hafi ekki hugsað út í niðurlægninguna sem það hefur í för með sér þegar röddin er hækkuð og athygli dregin að viðkomandi sem skilur ekkert betur þó á hann sé hrópað. Þetta er dæmi um atriði sem auðveldlega mætti vinna með í fræðslu um þessar duldu birtingarmyndir fordóma. Hér ber þó að hafa í huga mikilvægi þess að einstaklingar sem tilheyra meirihlutahópnum (hér Íslendingar) taki ábyrgð á viðkomandi hegðun í stað þess að gefa í skyn eins og því miður oft er raunin, að framkoman/ummælin hafi örugglega ekki verið illa meint og sennilega bara verið misskilningur. Þannig eru þeir sem neita að sætta sig við niðurlægjandi eða fordómafulla hegðun gerðir að vandamálinu, þ.e. þeir hafa misskilið, ýkt eða verið of viðkvæmir. Þetta er það sem van Dijk (2002) leggur sérstaka áherslu á í skrifum sínum, þ.e. mikilvægi þess að meðlimir ríkjandi hóps afneiti ekki tilvist fordómafullrar og niðurlægjandi framkomu gagnvart minnihlutahópum, því með að afneita hegðuninni sé henni viðhaldið og hún sífellt endurnýjuð.

Þessar niðurstöður má túlka sem svo að þær birtingarmyndir sem eru augljósar, hægt er að sanna, aðrir geta borið vitni um eða eru almennt viðurkenndar sem neikvæð hegðun, eru mun sjaldgæfari en þær sem aðrir verða ekki svo auðveldlega varir við og erfitt er að „sanna“ – tilfinningin sem þeim fylgir er þó alveg jafn slæm.

### **5.3 Við hvaða aðstæður (hvar) upplifa flestir þær birtingarmyndir dulinna fordóma sem fram koma á spurningarblaðinu í sínu daglega lífi?**

Af svörunum að dæma er augljóst að flestir upplifa viðkomandi framkomu gagnvart sér á vinnustaðnum enda ef til vill sá staður þar sem flestir eyða mestum tíma í sínu daglega lífi. Þetta segir okkur að vitundarvakningar er þörf á vinnustöðum almennt um ólíkar birtingarmyndir fordóma og þá líðan sem þær valda hjá þeim sem fyrir þeim verða. Reyndar má ætla að flestir viti hvaða tilfinning fylgir því að upplifa virðingarleysið sem um ræðir; það sem ef til vill færri átta sig á er hversu oft fólk af erlendum uppruna upplifir það í daglegu lífi sínu og hvernig tilfinningin verður þegar sambærileg neikvæð upplifun á sér endurtekið stað. Hér er afar mikilvægur þáttur yfirmanna og stjórnenda á vinnustöðum en rannsóknir hafa sýnt hversu mikil áhrif framkoma þeirra og viðhorf getur haft á aðra starfsmenn (Essed 1991, bls. 24). Þannig eru yfirmenn í mikilvægri aðstöðu til að skapa, viðhalda eða hafna rasísku eða fordómafullu andrúmslofti á vinnustaðnum. Yfirmenn eru í valdastöðu á vinnustaðnum og því er mun erfiðara að takast á við fordómafull viðhorf eða hegðun þeirra auk þess sem viðhorf þeirra geta beinlínis ýtt undir fordómafull viðhorf annarra starfsmanna. Að sama skapi minnka fordómar og rasismi á vinnustöðum þegar yfirmenn sýna frumkvæði í því að vinna gegn fordómum og mismunun á þeirra starfssviði/deild. Þannig getur víðsýnn og meðvitaður yfirmaður haft gífurleg áhrif á þann veg að annað starfsfólk komi fram við hvert annað af virðingu og fordómaleysi.

Sumt af framkomunni, sem spurt er um á spurningarblaðinu, á sér þó oftast stað utan vinnustaðarins og er þar um að ræða framkomu eins og „talaði ensku við mig án þess að vita hvort ég tala íslensku“ sem oftast átti sér stað í verslunum eða kaffihúsum þar sem fólk þekkti ekki viðkomandi. Annað sem einnig átti sér oftast stað utan vinnustaðarins var að kölluð voru ókvæðisorð á eftir viðkomandi en það gerðist oftast á bar eða í miðbænum. Sú staðreynd sýnir að slík hegðun er sennilega ekki viðurkennd eða umborin á vinnustöðum almennt og gæti þar af leiðandi haft afleiðingar í för með sér fyrir þann sem þannig kæmi fram gagnvart samstarfsfólki eða kúnum. Þetta segir okkur hversu mikilvægt það er að vinnustaðir setji sér skýrari samskipareglur sem ná lengra en aðeins gagnvart beinu áreiti í orði eða verki.

### **5.4 Líðan fólks við viðkomandi aðstæður**

Það sem strax vekur athygli er hversu samhljóma þær 215 setningar, sem skrifaðar voru á svarblöðin eru varðandi líðan einstaklinganna við þessar ákveðnu aðstæður. Þegar til þess er litið

að 194 sinnum lýsi þátttakendur neikvæðum eða afar neikvæðum tilfinningum má það teljast líkleg túlkun að ekki sé hér um tilviljun að ræða. Þeir Íslendingar sem merkja við samskonar upplifun, lýsa svipuðum tilfinningum við sambærilegar aðstæður en sambærilegir atburðir henda þá hins vegar afar sjaldan í samanburði við fjölda þeirra tilfella sem fólk af erlendum uppruna í þessari rannsókn upplifði þá á þessu tveggja vikna tímabili. Þetta má segja að sé ef til vill ein mikilvægasta niðurstaða þessarar rannsóknar og sá þáttur sem ekki nógu oft er litið til. Það er að segja, hvaða áhrif þessu „litlu“ atvik hafa á líðan þeirra sem *oft og endurtekið* fyrir þeim verða og má ímynda sér að líðanin verði sífellt verri þegar slík neikvæð upplifun safnast upp.

Í flestum svörum var neikvæðri líðan ekki lýst mjög nákvæmlega heldur aðeins skrifað „illa“ eða „mjög illa“ en stundum var líðaninni lýst nákvæmar og þá vekur athygli hversu orðin „pirraður“ og „reiður“ koma oft fyrir. Hér væri áhugavert að athuga hvort samhengi sé á milli lengdar dvalar á Íslandi og upplifunarinnar, þ.e. hvort þessi slæma tilfinning breytist í reiði með tímanum eða hvort hún byrjar sem þunglyndi og leiði en þróast út í reiði með tímanum. Vissulega gefa svörin við þessum spurningum greinilega til kynna að einstakir þátttakendur taka ákveðna hegðun mis mikið nærri sér en út frá fjölda sambærilegra neikvæðra upplifana mismunandi einstaklinga við ólíkar aðstæður má þó draga þá ályktun að þessi ákveðna hegðun veldur vissulega vanlíðan, reiði eða leiða hjá langflestum þátttakenda.

Einnig má telja nokkuð ljóst að það hlýtur að hafa neikvæð áhrif fyrir samfélagið í heild og ekki síst vinnustaði þar sem þessar upplifanir eiga sér oftast stað, ef vanlíðan, pirringur, reiði og leiði eru þau orð sem lýsa helst líðan erlends starfsfólks á vinnustaðnum.

## 5.5 Túlkun niðurstaðna opnu spurninganna þriggja

Ef fyrst er skoðuð spurning eitt um líðan þátttakenda við þátttöku í könnuninni þá er áhugavert að sjá hversu margir segja að þeim hafi liðið vel við þátttökuna jafnvel þó svör þeirra bendi til vanlíðanar, reiði eða leiða oft á meðan á tímabilinu stóð. Því má draga þá ályktun að þátttakendur hafi litið svo á að með þátttöku í könnuninni væru þeir hugsanlega að leggja sitt af mörkum við að breyta ástandinu. Sumir taka fram að þeir hafi farið að taka betur eftir hlutum sem þeir voru ef til vill orðnir vanir eða hafi ekki sett í samhengi fyrr og bendir það til að eins og kemur fram í inngangi geri sér þeir sem fyrir hversdagsfordómum og mismunun verða ekki endilega grein

fyrir því hversu oft þeir upplifa þessa neikvæðu hluti eða að þeir setja sökina á sjálfa sig.<sup>22</sup> Þannig má segja að þátttaka í rannsókninni sem slíkri hafi hvatt þá sem þátt tóku til að taka betur eftir þeirri neikvæðu hegðun sem átti sér stað gagnvart þeim í þessu samhengi í stað þess að líta á þessa neikvæðu hegðun sem veldur þeim vanlíðan sem sjálfsagðri eða eðlilegri. Svar eins þátttakanda lýsir þessu vel „*Vel, áður hugsaði ég ekki um, að allt þetta væri að gerast við mig og í kringum mig*“. Í svörum við þessari spurningu er einnig mjög áhugavert að heyra að nokkrir þátttakendur líta á það sem jákvæða þróun að verið sé að rannsaka líðan innflytjenda eða eins og einn þátttakandi orðar það „*Mér finnst þetta skrítið, því að öll þessi ár sem ég hef búið á Íslandi hafði engin áhuga á hvernig mér líður.*“

Spurning númer tvö snýr að svörum þátttakenda sem hafa merkt við ákveðna upplifun um hvers vegna þeir telja sjálfir að komið sé fram við þá á viðkomandi hátt. Þetta er afar áhugaverður þáttur rannsóknarinnar þar sem margir fræðimenn telja að oft sé auðveldara fyrir þá sem fyrir hversdagsrasisma eða duldum fordómum verða að láta sem annað en uppruni þeirri stjórnari hegðun annarra gagnvart þeim. Þeir vilja þannig forðast athugasemdir um að það sé bara afsökun að láta sem uppruninn sé ástæða hegðunarinnar, viðkomandi hefði alveg komið nákvæmlega eins fram við einhvern af íslenskum uppruna. Þetta sé bara dóni eða einhver sem kann ekki mannsiði almennt og hefði örugglega komið eins fram við alla aðra. Svörin við þessari spurningu á ómerktu blaði þar sem nokkuð ljóst má vera að svörunum verði ekki snúið gegn þeim, sýna hins vegar fram á að flestir svara svo til að þeir álíti sjálfir að ástæða framkomunnar sé tengd þjóðernisuppruna þeirra. Hér er ef til vill ekki hægt að fullyrða að það sé alltaf svo en í þessu atriði eins og öðrum í þessari rannsókn þykja svör þátttakenda sem sjálfir upplifa hegðunina besta leiðin til að fá raunverulega haldgóð svör, þ.e. sá sem hefur sjálfur endurtekið upplifað ákveðna tilfinningu við ákveðnar aðstæður hlýtur að vera best til þess fallinn að meta á hvaða grunni viðkomandi hegðun er byggð. Ef viðkomandi upplifir slíka hegðun gagnvart sér jafnvel á hverjum degi er hann líklegri til að geta raunverulega metið af hvaða rótum hegðunin er runnin en sá sem hefur aldrei eða sjaldan upplifað samskonar hegðun gagnvart sér. Það er því afar mikilvægt að taka mark á því þegar 62% þátttakenda sem svara þessari spurningu telja að viðkomandi hegðun gagnvart sér eigi rætur að rekja til þess að þeir séu af erlendum uppruna,

---

<sup>22</sup> Samanber svarið „Mér leið óörugg og var ósátt með sjálfa mig – ég þarf að læra tungumálið betur“.



vegna rasisma eða vegna þess að þeir tali ekki nógu góða íslensku (eins og sumir þátttakendur orða það sjálfir).

Það er einnig áhugavert að skoða hvaða aðrar ástæður fólk nefnir sem ástæður fyrir viðkomandi framkomu gagnvart sér en nokkrir nefna vanþekkingu eða vanlíðan þeirra sem svona koma fram sem ástæðuna. Þeir snúa þannig dæminu við og í stað þess að líta á sjálfa sig sem fórnarlamb fordóma eða rasisma líta þeir á gerendurna sem brjóstumkennanlega. Þeir sem tala um ótta þeirra sem þannig koma fram, taka í raun upp hanskann fyrir gerendurna til að reyna að útskýra og réttlæta hegðunina út frá öðru sjónarmiði en fordómum eða rasisma, sem þeir sjálfir eiga erfitt með að viðurkenna að sé ástæða hegðunarinnar.

## **6. Hugmyndir til úrbóta**

**Hugmyndir að aðgerðum til þess að bregðast við og vinna gegn hversdagsfordómum og mismunun gagnvart fólki af erlendum uppruna í daglegu lífi þess, sérstaklega á vinnustöðum.**

- 1. Vinnustaðir eru þeir staðir þar sem helst næst til fullorðinna einstaklinga.**  
Vinnustaðir eru einnig þeir staðir þar sem flestir þátttakendur þessarar rannsóknar af erlendum uppruna upplifðu oftast einhverja birtingarmynd dulinna fordóma eða mismununar. Eitthvað af þeim viðmótum sem þátttakendur í rannsókninni upplifðu, má rekja til vitundarleysis um líðan og aðstæður fólks af erlendum uppruna.  
Hér er mikilvægt að tilkomi fræðsla um samskipti almennt og hvernig ákveðin framkoma lætur öðru fólki líða. Fræðslan þyrfti einnig að taka á umfjöllun um hinar ólíku birtingarmyndir fordóma og mismununar en í hugum margra er aðeins um fordóma og mismunun að ræða ef lög um mismunun eru brotin eða ef beinu líkamlegu eða andlegu ofbeldi er beitt.
- 2. Fræðsla fyrir verkstjóra, deildarstjóra og aðra sem gegna yfirmannstöðum.** Hér þyrfti að leggja áherslu á að gera yfirmönnum grein fyrir ábyrgð sinni varðandi viðhorf og framkomu gagnvart fólki af erlendum uppruna á vinnustaðnum. Einnig þyrfti að leggja áherslu á að kynna fyrir þeim ólíkar birtingarmyndir fordóma og mismununar svo þeir taki eftir og séu vakandi fyrir slíkum birtingarmyndum á vinnustaðnum.
- 3. Vinnustaðir (starfsfólk og yfirmenn í sameiningu) setji sér viðmið um samskipti, framkomu og daglegt viðmót auk þess að setja sér viðbragðsáætlun um viðbrögð ef út af þeim er vikið.** Mörg atriði sem fram koma hér í þessari rannsókn sem duldir fordómar og mismunun eru ekki lögbrot eða brot á vinnurétti. Því getur verið erfitt að tilkynna eða bregðast við viðkomandi hegðun nema ef vinnustaðurinn hefur gefið út yfirlýsingu um hvað telst til óásættanlegrar hegðunar og hvernig skuli brugðist við ef starfsmenn verða varir við hana gagnvart sjálfum sér eða samstarfsfólki.

4. **Stéttarfélög og trúnaðarmenn fái fræðslu þar sem vakin er meðvitund um ólíkar birtingarmyndir fordóma og mismununar.** Mikilvægt er að hægt sé að tilkynna slíka framkomu eða atvik til trúnaðarmanns og að stéttarfélög bregðist við gagnvart vinnuveitendum ef slík atvik koma endurtekið upp gagnvart ákveðnum einstaklingum eða hópum. Starfsfólk þarf að vita af þessum möguleika og erlent starfsfólk þarf að vita af möguleika á að fá túlk á staðinn ef nauðsyn þykir til að leggja fram slíka tilkynningu. Hér er mikilvægt að hafa í huga sérstaklega framkomu/atvik sem gætu talist „lítillvæg“ í hugum einstaklinga ríkjandi hópsins, sem upplifa þau sjaldan eða aldrei og gera sér þess vegna ekki grein fyrir alvöru þeirra. Því er afar mikilvægt að yfirmenn, trúnaðarmenn og starfsfólk stéttarfélaga taki tilkynningar um slíkt alvarlega.
5. **Auka samskipti milli einstaklinga og hópa á vinnustaðnum.** Hér væri t.d. möguleiki að gefa starfsfólki ákveðin verkefni þar sem fólk af íslenskum og erlendum uppruna þarf að hafa samskipti við að leysa verkefnið í sameiningu. Einnig mætti skipuleggja starfsmannafundi sem eru skipulagðir þannig að fólk fái tækifæri til að kynnast betur og brjóta þannig niður staðalmyndir og ranghugmyndir um samstarfsfólkið. Auk þess gætu almenn samskiptanámskeið fyrir vinnustaði gagnast vel ef niðurstöður þessarar rannsóknar eru sérstaklega hafðar í huga við skipulagningu námskeiðsins.
6. **Hannaður verði upplýsingabæklingur sem dreift væri á vinnustaði og stéttarfélög** þar sem fram kæmu lýsingar á birtingarmyndum hversdagsfordóma og mismununar og þar sem fólki væri einnig gefnar hugmyndir um ólíkar leiðir til að bregðast við slíkri framkomu gagnvart sjálfum sér eða ef þeir verða vitni að fordómafullum yfirlýsingum eða hegðun gagnvart öðrum.
7. **Fræðsla í grunn- og framhaldsskólum.** Varðandi yngri einstaklinga sem ekki næst til á vinnustöðum er skólinn og frístundastarf helsti vettvangur vitundarvakningar. Aðferðirnar til að ná til þessara hópa eru vissulega ólíkar og svo margvíslegar að skýrsla þessi er ekki réttur vettvangur til að útskýra mögulegar leiðir. Mikilvægast er í þessu samhengi að gera fjölmennarlega kennslu að skyldufagi í kennaramenntun auk þess sem starfandi kennarar fái tækifæri til að bæta við sig þekkingu og aukinni meðvitund á

endurmenntunarnámskeiðum fyrir kennara. Ekki síður er mikilvægt að slík þekking nái til kennara iðn- og starfsmenntunar.

## **7. Lokaorð**

Niðurstöður rannsóknarinnar sem settar eru fram hér í þessari skýrslu sýna að hátt hlutfall fólks af erlendum uppruna, búsettu á Íslandi upplifir reglulega í sínu daglega lífi einhverjar birtingarmyndir dulinna fordóma eða svokallaðra hversdagsfordóma og mismununar. Næstum allir (93%) þátttakenda í rannsókninni af erlendum uppruna upplifðu einhverja tegund þess virðingarleysis og niðurlægingar sem hér er kannað einu sinni eða oftár á 14 daga tímabili, 62,5% þeirra höfðu upplifað slíka hegðun gagnvart sér fimm sinnum eða oftár og rúmlega 15,2% þátttakenda af erlendum uppruna hafði upplifað slíkt 20 sinnum eða oftár á sama tímabili. Ef 62,5% einstaklinga af erlendum uppruna upplifa fordómafulla hegðun gagnvart sér allt frá fimm til 120 sinnum á 14 daga tímabili hlýtur það að teljast hluti af daglegu lífi, þ.e. hversdagssupplifun.

Lýsing þátttakenda á tilfinningum sínum við sambærilegar upplifanir sýna að ekki er hér um einelti eða tilviljunarkenndar einstaklingsupplifanir að ræða heldur kerfisbundið, flókið og margþætt ferli sem er viðhaldið með aðgerðum og aðgerðaleyfi meirihlutahópsins. Valdahlutföllum milli hópa er þannig viðhaldið í gegnum félagsmótun og með stöðugri endurnýjun í gegnum fjölmiðla og aðra samskiptamiðla, stöðluðum ímyndum, skoðunum og framsetningu raunveruleika sem réttlætir óbreytt ástand. Meðlimir meirihlutahópsins tala stundum um það óréttlæti sem pólitísk rétthugsun feli í sér, frelsisskerðinguna sem felst í því að „mega ekki“ skrifa, segja eða gera það sem þeim sýnist við og um þann sem þeim sýnist. Hér kemur ástæðan berlega í ljós; það er vegna þess að ákveðin hegðun og framkoma veldur gífurlegri vanlíðan hjá þeim hópum og einstaklingum sem fyrir henni verða, síendurtekið og stöðugt í sínu daglega lífi.

Af svörum má dæma að flest tilfelli hversdagsfordóma eða mismununar eiga sér stað á vinnustað og gefur það tilefni til frekari rannsókna á aðferðum og leiðum til að bæta meðvitund, samstöðu og samskipti á vinnustöðum. Áhugavert væri að rannsaka frekar hvort viðkomandi upplifun á sér frekar stað í ákveðnum atvinnugreinum og áhrif yfirmanna og verkstjóra á samskipti milli íslenskra og erlendra starfsmanna. ICI hefur nú þegar hafið verkefni á vegum Leonardo áætlunarinnar þar sem fjölþjóðlegur samstarfshópur mun vinna að því að setja saman

hugmyndir að mögulegum menntunar/fræðsluúræðum til að vinna gegn hversdagsfordómum á vinnustöðum.

Mikilvægt er að tekið sé mark á lýsingum þátttakenda rannsóknarinnar á líðan sinni við þær aðstæður þegar þeir upplifa hversdagsfordóma og að ekki sé gert lítið úr þeirri líðan þó aðstæðurnar geti þótt “lítilvægar” í augum þeirra sem sjaldan eða aldrei upplifa þær í sínu daglega lífi. Aðeins með því móti að taka mark á því þegar fólk einlæglega lýsir ítrekaðri slæmri líðan sinni við viðkomandi aðstæður, er möguleiki á breytingum. Í framhaldi af þessari rannsókn er því fyrsta skrefið að vekja fólk til meðvitundar um afleiðingar framkomu sinnar gagnvart fólki af erlendum uppruna, benda á leiðir til þess að bregðast við og að sýna fólki af erlendum uppruna á Íslandi að vilji sé fyrir hendi til að breyta viðhorfum og hegðun gagnvart þeim til batnaðar.

## Heimildaskrá

- Allport, G.W (1958) *The nature of prejudice*. New York: Doubleday, Anchor.
- Alvarez,A. (2010) Filipino Americans and racism: A multiple mediation model of coping. *Journal of Counseling Psychology*, Vol 57(2), Apr 2010, 167-178.
- Barnes, A. (2000) *Every day racism. A Book for All Americans*. Sourcebooks, Inc, Naperville, Illinois
- Cashmore, E. & Jennings J.(Ed.) (2001) *Racism, Essential Readings*, SAGE Publications, London.
- Dutton, D.G., & Lake, R.A. (1973) Threat of own prejudice and reverse discrimination in interracial situations. *Journal of personality and social psychology*. 28, 94-100.
- Dutton, D.G., & Lennox, V.L. (1974) Effect of prior "token" compliance on subsequent interracial behavior. *Journal of personality and social psychology*. 29, 65-71.
- Essed, P. (1991) *Understanding everyday racism: An Interdisciplinary Theory*. SAGE Publications. Newbury park, London.
- Essed, P and Theo Goldber, D (Ed.) (2002) *Race Critical Theories, Everyday Racism: A New Approach to the Study of Racism*. Blackwell Publishers, Oxford and Malden.
- Garfinkel, H. (1967) *Studies in Ethnomethodology*. Englewoods cliffs. Nj:Prentice-Hall.
- Guðrún Pétursdóttir (2003) *Allir geta eitthvað, enginn getur allt*. Bókaútgáfan Hólar
- Ponterotto, J.G. and Pedersen, P.B. (1993) *Preventing Prejudice, A Guide for Counselors and Educators*. SAGE Publications, Newbury Park London
- Van Dijk, T.A. (1987a) *Communicating racism, Beverly Hills, CA*
- Van Dijk, T.A. (2002) in *Race Critical Theories, Everyday Racism: A New Approach to the Study of Racism*. Blackwell Publishers, Oxford and Malden.
- Weitz, S. (1972) Attitude, voice, and behavior: A repressed affect model of interracial interaction. *Journal of Personality and Social Psychology*, Vol 24(1), Oct 1972, 14-21.

Vefsíður:

Philomena Essed (sótt 14.mai 2012). <http://www.un.org/womenwatch/daw/csw/essed45.htm> .

## Viðhengi I.

Upprunaland..... Hef dvalið á Íslandi í: minna en 1 ár..... 2-5 ár..... meira en 5 ár..... Kyn..... Aldur.....

### Ég upplifði í dag að mér fannst einhver:

	mán	þrið	mið	fim	föst	laug	sun	mán	þrið	mið	fim	föst	laug	sun	Hvar	Hvaða orð lýsir líðan þinni best?
1. Þættist ekki skilja mig																
2. Forðaðist samskipti við mig																
3. Kallaði mig uppnefni																
4. Hlægi að mér																
5. Hunsaði mig, lét eins og sæi mig ekki																
6. Talaði niður til mín																
7. Sýndi vandlætingu með svip																
8. Tala við mig eins og við barn																
9. Glápti á mig, mældi mig út																
10. Hækkaði röddina, til að ég skildi betur íslensku																
11. Talaði ensku við mig án þess að vita hvort ég tala íslensku																
12. Sýndi mér vantraust eða tortryggni																
13. Sýndi mér óþolinmæði																
14. Kallaði á eftir mér ókvæðisorð																
15. Talaði UM mig við aðra, ekki VIÐ mig																

Hvernig leið þér við að taka þátt í þessari könnun?

Ef þú merktir við á mörgum stöðum, af hverju heldurðu að fólkíð komi svona fram við þig?

Hverju myndirðu helst vilja breyta varðandi framkomu fólks gagnvart þér á Íslandi?



## Viðhengi II.

Svör við opinni spurningu 3 á svarblaði:

**„Hverju myndirðu helst vilja breyta varðandi framkomu fólks gagnvart þér á Íslandi?“**

*Að það samþykki fólk óháð uppruna*

*Umburðarlyndi og skilningur*

*Að það komi fram við mig á sama hátt eins og við sína og að sýni meiri skilning*

*Að það hætti að koma fram við mig eins og útlending*

*Að það komi vel fram og dæmi ekki alla Pólverja eins*

*Ekki dæma að það er Pólverji þegar einhver gerir eitthvað slæmt*

*Að koma jafnt fram við alla*

*Að fólk komi eðlilega fram við okkur og komi fram við okkur eins og það vill að við komum fram við sig*

*Að Íslendingar hætti að koma fram við okkur útlendinga eins og við svikara*

*Ég vil að fólk sé meira opið, sýni meiri skilning gagnvart tungumálakunnáttu*

*Vera hlýlegri*

*Því miður en það er ekki hægt að breyta fólki, en svona hegðun getur haft áhrif á andlega líðan annarra.*

*Meira umburðarlyndi*

*Það hugsar að allt íslenskt sé langt best; staðalmyndir um Pólland og Pólverja*

*Ég vil að þeir tali íslensku við mig og sýni þolinmæði*

*Ég vil að fólk hætti að spá í hvaðan ég kem*

*Ég vil að fólk taki mig alvarlega*

*Að fólk sé þolinmóðara og kurteist*

*Opnari fyrir menningu annarra*

*Möguleiki til að skapa aðgerðir til að vinna gegn mismunun (discrimination)*

*Ég vil að fólk taki mig alvarlega, ekki sýna vanvirðingu þegar ég get ekki útskýrt allt*

*ég vil að fólk liti á mig sem jafningja, sýni mér virðingu og sé ekki með fordóma*

*Meira umburðarlyndi og fólk sé meira opið*

*Fólk sé vingjarnlegt*

*Að fólk sýni þolinmæði og taki mér sem jafningja þeirra*

*Ég vil að fólk sýni þolinmæði og sýni öðrum virðingu*

*Satt að segja ekki miklu. Oftast er fólk jákvætt.*

*Engu, því ég kom hingað og það er ég sem verð að venjast þessu en ekki öfugt*

*Ekkert held ég*

*Ekkert held ég*

*Íslendingar eru umburðarlyndir og skilningsríkir og þolinmóðir. En sumir eru með geðvandamál og stundum eru þeir eð haga sér illa gagnvart útlendingum*

*Ég er „gestur“ á Íslandi. Mér finnst að það þurfi að laga sin eigin viðhorf. Ég vil líka bæta við að ég varð aldrei fyrir óvingjarnlegri framkomu.*

*Ekkert*

*Menn sem ég hitti eru að taka vel á móti mér. Ég finn ekkert neikvætt. Hvernig fólk tekur á móti okkur er oftast í okkar eigin höndum*

*Þann dag sem þeim er sagt að hafa samskipti. Flestir Íslendingar þurfa að breyta fyrirfram skoðunum sínum, vera opnari fyrir útlendingum.*

*Mannasiði*

*Ef ég hefði fengið svona könnun fyrir tveim árum síðan, hefðu allir reitir verið útfylltir. Stærsta vandamálið er að kunna ekki íslenskuna, Íslendingar eru mjög óánægðir ef maður kann ekki íslensku.*

*Þarf að læra tungumálið og þá verður ekkert mál.*

*Sýna meiri virðingu gagnvart fólki af erlendum uppruna*

*Reynum að sýna að við erum ekki bjánar, en gangvart Íslendingum sem eru meira neikvæðir og hafa ekki áhuga á skilja útlendinga.*

*Fjölmiðlar hafa ekki áhuga á tælenskri menningu og líka sumar opinberar stofnanir um þjónustusvið eru ekki til fyrir okkur en með þjónustu fyrir hópa sem eru frá Evrópubandalaginu.*

*Sýna meiri kurteisi og virðingu*

*Að fólk hætti að dæma kynþættina út af einum einstaklingi*

*Að tala íslensku þó svo hann/hún sé af erlendum uppruna, Sýna þolinmæði og leiðrétta*

*Virðing gagnvart öðrum, traust o.s.frv.*

*Það væri til bóta bæði fyrir Íslendinga og útlendinga að hafa samkomu/viðburð sem léti báða aðila hafa samskipti og tengjast hver öðrum*

*Ég vil að þau taki eftir mér og virði mig*

*Að fólk sé kurteist og reyni að skilja aðra*

*Það er mismunandi milli daga. Stundum er það í lagi, stundum vil ég að þau virði mig*

*Þau ættu að vera opnari og berjast gegn eigin fordómum*

*Vera vingjarnleg*

*Að fólk sýni öllum virðingu, sama hvernig þeir líta út eða hverjir þeir eru*